

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	Bls. 1
Stýrihópurinn.....	Bls. 2
Hvað var gert á skólaárinu.....	Bls. 2
Lykilþættir 1 og 6.....	Bls. 3
Lykilþættir 2 og 3.....	Bls. 4
Grunnskólanemendur um áramót.....	Bls. 4
Að loknu skólaárinu 2011 - 2012.....	Bls. 5

Fylgiskjöl

Leiðbeiningar vegna sjálfsmats 15. september 2010.....	Bls. 6
Samantekt eftir vinnu kennara 15. september 2010.....	Bls. 7
Sjálfsmat 10. nóv. 2010.....	Bls. 9
Sjálfsmat 10. nóv. 2010. Niðurstöður.....	Bls. 10
Samantekt eftir vinnu hópa 10. nóvember 2010 kl. 11:05.....	Bls. 12
Aðgerðaáætlun vegna vinnu 10. nóv.....	Bls. 24
Sjálfsmat 26. janúar 2011.....	Bls. 30
Sjálfsmat 6. apríl 2011.....	Bls. 32
Sjálfsmat 6. apríl 2011. Niðurstöður matsins.....	Bls. 33
Niðurstöður sjálfsmats 6. apríl 2011 - Kennarar.....	Bls. 35
Aðgerðaráætlun eftir matið 6. apríl	Bls. 51
Sjálfsmat 6. apríl 2011 – Nemendur – Samantekt svara.....	Bls. 54
Könnun á líðan nemenda vor 2011.....	Bls. 59
Líðan og viðhorf nemenda sem koma úr 10. bekk um áramót....	Bls. 63

STÝRIHÓPURINN

Stýrihóp vegna sjálfsmats á skólaárinu 2010 til 2011 mynduðu sviðsstjórnarnir tveir Björgvin Eyjólfur Björgvinsson og Ægir Sigurðsson ásamt aðstoðarskólmeistara Þórarni Ingólfssyni. Einn fundur var settur inn í töflu á hverri viku báðar annirnar og einnig hittist stýrihópurinn oftast ef þurfa þótti vegna ýmissa ástæðna. Alls urðu fundirnir 27 og skiptust þeir þannig á milli anna að 12 fundir voru haldnir á haustönn 2010 og 15 á vorönn 2011. Á þessum fundum unnu stýrihópsmenn að skipulagningu matsfunda kennara, fóru yfir það sem kom út úr fundunum og gerðu aðgerðaáætlanir í framhaldi af því.

HVAÐ VAR GERT Á SKÓLAÁRINU

Fyrstu fundir skólaársins fóru í að skoða framkvæmdaáætlun sjálfsmats til næstu ára. Áætlun þessi nær frá haustönn 2010 til og með vorönn 2014. Farið var með þessa áætlun á fund stjórnenda og var hún samþykkt þar. Í áætluninni er gert ráð fyrir að skoða alla þætti skólstarfsins á þessu tímabili og leggja sérstaka áherslu á gæði náms og kennslu á næsta skólaári.

Ákveðið var að styðjast áfram við sjálfsmatskerfið „How good is our school“ sem notað hefur verið undanfarin ár hér við skólann. Almennt er það talið gott kerfi og er umræðan, sem fer fram í tengslum við fullyrðingar sem lagðar eru fram, af hinu góða.

Matsfundir með þátttöku kennara voru tveir á haustönn 2010, annars vegar miðvikudaginn 15. september og hins vegar miðvikudaginn 10. nóvember. Á fundinum 15. september skoðuðu kennarar og breyttu fullyrðingum sem tengdust lykilorðum 1 og 6 (um skólann, saga og þróun). Ákveðið var af stýrihópnum að



endurskoða þær fullyrðingar sem áður höfðu verið notaðar við matið og sjá hvort kennarar hefðu hugmyndir um endurbætur. Þegar vinnu kennara var lokið skoðaði stýrihópurinn fullyrðingarnar, bar saman og lagfærði þannig að þær hentuðu matinu sem slíku. Matið fór fram miðvikudaginn 10. nóvember og skoðuðu kennarar nýjar fullyrðingar sem settar höfðu verið fram og gáfu þeim einkunnir. Stýrihópurinn tók þessar niðurstöður frá kennurum og fór yfir þær. Niðurstöðurnar voru kynntar á kennarafundi 24. nóvember og síðan var unnin aðgerðaáætlun í framhaldi af því. Í aðgerðaáætlun kemur fram hugmynd að endurbótum og einnig hverjir eru ábyrgðaraðilar þannig að unnið sé að úrbótum.

Á vorönn 2011 voru matsfundir með kennurum tveir eins og önnina á undan



og var fyrirkomulag svipað þ.e. kennarar fóru yfir fullyrðingar og síðan voru þessar fullyrðingar skoðaðar af stýrihópnum og lagðar fyrir annan fund þar sem matið fór fram. Lykilþættir númer 2 og 3 (námið, starfsfólk) voru skoðaðir. Fyrri sjálfsmatsfundurinn var haldinn miðvikudaginn 26. janúar með þátttöku kennara og sá seinni var haldinn 6. apríl með þátttöku kennara og nemenda. Brugðið var á það ráð að fá nemendur

til þess að vinna með okkur að sjálfsmatinu og mátu þeir ákveðnar sérvaldar fullyrðingar. Nemendahópurinn sem vann að matinu kom úr væntanlegum útskriftarhópi á vorönninni. Matið var vel unnið og var skemmtilegt að sjá hve nemendur unnu samvirkusamlega að því. Gerð var tilraun með að meta hverja fullyrðingu af tveimur kennarahópum en þær höfðu áður aðeins verið metnar af einum hópi. Þessi tilraun gaf til kynna að kennarar þyrftu að ræða betur um hverja fullyrðingu fyrir sig og komast að sameiginlegri niðurstöðu innan hópsins. Niðurstöður matsins voru kynntar fyrir kennurum á kennarafundi 17. maí. Einnig var niðurstöðum úr mati nemenda dreift til allra kennara. Í framhaldi af þessu var gerð aðgerðaáætlun.

Undir lok vorannar voru lagðar fyrir tvær kannanir. Annars vegar var um að ræða könnun hjá grunnskólanemendum sem komið höfðu í skólann um áramót og hins vegar var það könnun á líðan nemenda í skólanum. Síðari könnunin var sameiginleg með Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Unnið var úr þessum könnunum hjá okkur. Gerð var tilraun með að leggja könnunina um líðan nemenda fyrir í gegnum kennsluumhverfi Moodle og gekk það mjög vel þó svo að þátttaka nemenda hefði gjarnan mátt vera meiri.

LYKILÞÆTTIR 1 OG 6

Eins og áður sagði voru tveir lykilþættir númer 1 og 6 metnir á haustönninni. Þessir lykilþættir eru nefndir um skólann og saga og þróun. Þetta í þriðja skiptið sem þessir þættir eru metnir og er kominn góður samanburður á milli anna. Hægt er að skoða hvað hefur áunnist og hvað það er sem ekki hefur gengið eins vel. Smávægilegar breytingar voru gerðar á fullyrðingunum sem áður hafa verið notaðar, en það var gert til þess að skerpa á áherslum. Kennarar mátu þessa þætti og kom ýmislegt fram sem betur má fara hjá okkur. Reynt verður eftir fremsta megni að bæta þessa þætti samkvæmt aðgerðaáætlun sem samin var af stýrihópi að loknu matinu.

LYKILÞÆTTIR 2 OG 3

Á vorönn 2011 skoðuðum við lykilþætti 2 og 3 en þeir taka fyrir námið og starfsfólkið. Matið var unnið eins og áður og hér var einnig tekin sú ákvörðun að endurskoða fullyrðingar sem áður höfðu verið notaðar við matið. Kennarar endurskoðuðu þær. Þegar komið var að matinu sjálfu voru fengnir nemendur úr væntanlegum útskriftarhópi til þess að vinna að þessu með okkur. Góður samanburður fékkst með þessu á mismunandi áherslum nemenda og kennara á náminu og kennslunni.

GRUNNSKÓLANEMENDUR UM ÁRAMÓT

Könnun var lögð fyrir nemendur sem höfðu komið í skólann í fullt nám um áramótin beint úr grunnskóla. Þetta eru nemendur sem hafa staðið sig vel í grunnskólanum og útskrifast þar af leiðandi fyrr úr skólanum en jafnaldrar þeirra í 10. bekk. Könnuð er líðan nemendanna í FSu og hvað þeim finnst um þessi skipti. Nær undantekningalaust eru nemendurnir ánægðir með veru sína í FSu og því má reikna með því að þessu tilboði verði haldið áfram.

LÍÐAN NEMENDA Í SKÓLANUM

Við lok vorannar 2011 var lögð könnun fyrir alla nemendur skólans. Könnunin var lögð fyrir alla í gegnum kennsluumhverfið Moodle og var svörun nokkuð góð. Alls voru 897 beðnir um að svara könnuninni og bárust svör frá 547 nemendum. Könnun þessi var einnig lögð fyrir nemendur í FS og FVA. Með þessu fæst ákveðinn samanburður á milli skólanna sem gefur tækifæri til þess að sjá hvað má betur fara á hverjum stað fyrir sig og einnig hvað er vel gert. Ýmislegt áhugavert kom fram í þessari könnun og var sérstaklega eftirtektavert hve margir nemendur FSu vinna með skólanum, en 56% nemenda svara því játandi að þeir vinni eitthvað með skólanum allt frá 1 klst. á viku upp í meira en 20 klst. Varðandi líðan í skólanum þá má segja að um 12% þeirra sem svörðuðu líði ekki vel í skólanum og er það eitthvað sem þarf að reyna að bregðast við því þetta eru um 60 nemendur af þeim sem svöruðu.

AÐ LOKNU SKÓLAÁRINU 2010 - 2011

Sjálfsmatskerfið „How good is our school“ sem er að skoskri fyrirmynd hefur verið notað áfram við skólann og hefur það gengið nokkuð vel. Lögð hefur verið áhersla á að skoða þá þætti sérstaklega sem komið hafa út með einkunnina 3, af 6 mögulegum, eða lægri í matinu. Gerð hefur verið aðgerðaáætlun sem byggir á mati kennara og er þar reynt að taka á málum eins fljótt og kostur er. Ljóst er að áfram verður unnið samkvæmt þessu kerfi og byggt á því til þess að ná til mats á öllum þáttum skólastarfsins.

Æskilegt væri að kennarar vönduðu betur matsfundina. Oft hefur komið í ljós að kennarar eru ekki sammála um það sem kemur frá hópnum og þá virðist vera að hópurinn gefi sér ekki tíma til þess að fara yfir málin og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Ef til vill þarf hver hópur að fá færri umfjöllunarefni. Einnig mætti velta fyrir sér að hafa hópana stærri þannig að umræður skapist.

Mikilvægt er að skoða aðgerðaráætlanir reglulega til þess að koma í veg fyrir að atriði sem eru þar inni gleymist. Stýrihópur um sjálfsmat á að sjá um þetta og fylgja því eftir að það sem fram kemur í áætluninni sé framkvæmt.

Á næsta skólaári verður að endurskoða markmið skólans og tengja þau beint við innra matið. Einnig er fyrirhugað að taka fyrir þá tvo lykilþætti sem eftir á að skoða. Á vorönn 2012 verður lögð fyrir könnun um gæði náms og kennslu (GNOK).



Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 15. sept. 2010 með kennurum í FSu.

1. Á fundinum í dag á að skoða lykilþætti 1 og 6 (um skólann (1), saga og þróun (6)).
2. Lykilþáttunum er skipt niður í 2 x 5 gæðagreina og hver hópur kennara á að skoða tvo þeirra.
3. Verkefni hvers hóps er að búa til 4 – 6 setningar/fullyrðingar/spurningar tengdar við hvern gæðagreini.
4. Hafa þarf í huga að hægt sé skoða afurð (setningar/fullyrðingar/spurningar) hvers hóps og gefa hverjum lið einkunn frá 1 og upp í 6.
5. Látið heimsíðu skólans ekki leiða ykkur – Við ætlum EKKI að meta heimsíðu skólans sem slíka í þetta skiptið.

Dæmi: Kennarahópur fær það hlutverk að skoða gæðagreininn „starfsandi“. Hlutverk hópsins er þá að velta fyrir sér hvaða þætti þarf að skoða til þess að meta starfsanda.

Út úr vinnu hópsins gæti komið:

- A. Starfsandi í skólanum er góður*
- B. Jákvætt andrúmsloft er í skólanum.*
- C. Hegðun og agi hjá nemendum er í lagi.*
- D. Starfsumhverfi er hvetjandi.*
- E. Kennarar og nemendur leggja áherslu á jafnrétti og sanngirni.*

Verkefnin eru:

HÓPUR	GÆÐAGREINAR
1	1.1 Stjórnun og stjórnendur + 6.3 Nýbreytni
2	1.2 Fundir á miðvikud. + 6.2 Fréttasiða FSu
3	1.3 Vinnuaðstaða kennara og nem.+ 6.1 Skýrslur
4	1.4 Öryggismál + 6.4 Saga skólans
5	1.5 Forvarnir + 6.5 Hefðir
6	1.1 Stjórnun og stjórnendur + 6.3 Nýbreytni
7	1.2 Fundir á miðvikud. + 6.2 Fréttasiða FSu
8	1.3 Vinnuaðstaða kennara og nem.+ 6.1 Skýrslur
9	1.4 Öryggismál + 6.4 Saga skólans
10	1.5 Forvarnir + 6.5 Hefðir

Vistið skjöl með númeri hópsins (hópur1, hópur2)

Skilið niðurstöðum inn í möppu á H:\starfsfolk\Sjalfsmat\15.sept.2010

Samantekt eftir vinnu kennara 15. september 2010

Lykilþættir sem voru skoðaðir, 1 um skólann og 6 saga og þróun.

1.1. Stjórnun og stjórnendur

- Stjórnendur í FSu eru hæfir í sínu starfi.
- Störf kennslustjóra / fagstjóra skila árangri.
- Störf sviðsstjóra skila árangri.
- Daglegt aðgengi að stjórnendum skólans er gott.
- Stjórnendur og stjórnunarhættir eru hvetjandi.
- Skipurit um hlutverk stjórnenda er skýrt og öllum aðgengilegt.
- **Fyrirkomulag starfsmannaviðtala er gott.**
- Upplýsingaflæði er fullnægjandi.

1.2 Fundir á miðvikudögum

- Fundartími á miðvikudögum er hentugur kostur.
- Fundartíminn á miðvikudögum nýtist nemendum vel til félagsstarfa.
- Fundirnir á miðvikudögum eru skilvirkir.
- Salurinn hentar vel til funda.
- Samráð í fögum er hæfilega oft á önn.
- Efnisval á miðvikudagsfundum er fjölbreytt.

1.3 Vinnuaðstaða kennara og nemenda.

- Vinnuaðstaða kennara er góð.
- Vinnuaðstaða kennara nýtist vel.
- Vinnuaðstaða nemenda er góð.
- Vinnuaðstaða nemenda nýtist vel.

1.4 Öryggismál

- Verkaskipting í öryggismálum er skýr.
- Öryggisbúnaður er í lagi.
- Öryggi allra nemenda er tryggt innan veggja skólans.
- Brunavarnir skólans eru góðar.
- Gott eftirlit er með öryggisatriðum í húsakynnum og á lóð skólans.
- Viðbragsáætlanir við hvers kyns áföllum eru í góðu lagi.

1.5 Forvarnir

- Unnið er að bættum skólabrag.
- Aðgengi nemenda að ráðgjöf er gott.
- Verkferill eineltismála er einfaldur og aðgengilegur.
- Móttaka nýnema stuðlar að betri aðlögun þeirra að skólaumhverfinu.
- Forvarnir eru sýnilegar í skólanum.
- Unnið er markvisst að forvörnum.
- Leiðirnar sem notaðar eru til forvarna eru góðar.

6.1 Skýrslur:

- Skýrslur skólans eru gagnlegar í skólastarfi.
- Skýrslur deilda eru aðgengilegar.
- Athugasemdir sem koma fram í skýrslum skila sér í bættu skólastarfi.
- Skýrslugerð kennara er hæfileg.
- Skýrslur skólans eru upplýsandi.

6.2. Fréttasiða FSu

- Fréttasiða FSu er áhugaverð og lifandi.
- Starfsfólk er duglegt að senda inn fréttir.
- Skólinn á að halda úti fréttasiðu.
- Fréttasiða FSu gefur góða mynd af skólalífinu.

6.3. Nýbreytni

- Hvatt er til nýbreytni í FSu.
- Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið.
- Mikil nýbreytni er í starfi skólans.
- Starfsfólk skólans er jákvætt gagnvart nýbreytni.
- Starfsfólk FSu er haft með í ráðum við þróun og nýbreytni í skólastarfinu.
- Nýbreytni í skólastarfi er sýnileg.
- Frelsi kennara til nýbreytni er mikið.
- Nemendur hafa áhrif á nýbreytni í skólastarfi.

6.4 Saga skólans

- Vel er staðið að varðveislu gagna um sögu skólans.
- Vel er staðið að sögulegum tímamótum sem tengjast skólanum.
- Allar deildir skólans sinna varðveislu sögulegra gagna.
- Söguleg kennslutæki og gögn eru aðgengileg starfsmönnum og nemendum skólans.
- Heimildum um félagslíf nemenda er haldið til haga.
- Heimildum um félagslíf starfsfólks er haldið til haga.

6.5 Hefðir

- Góðar hefðir eru innan skólans.
- Kátir dagar eru nauðsynlegt uppbrót á hefðbundnu skólastarfi
- Stjörnumerkjadagar virka vel til að brjóta upp hópamyndun og hefðbundið skólastarf
- Flóafár stuðlar að bættum skólabrag
- Mikilvægt er að starfsfólk skólans taki fullan þátt í „gleðidögum“ og öðru uppbroti á skólastarfi
- Fyrirkomulag busunar er gott.
- Fyrirkomulag **dimmisjónar** er gott.
- Fyrirkomulag brautskráningar er til fyrirmyndar.
- Íþróttakeppni nemenda og kennara á rétt á sér.
- Nauðsynlegt er að viðhalda hefðum meðal starfsmanna.

Sjálfsmat 10. nóv. 2010

Tími Miðvikudagsfundur

Pátttakendur Kennarar skólans

Verkefni.

- Ø Hver hópur svarar mismunandi spurningum (Hópur A svarar A - liðum, hópur B svarar B – liðum, hópur C svarar...).
- Ø Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum)
- Ø Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast)

Þegar komið er að því að gefa lykilþáttum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Ø Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Ø Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta (Hér þarf einungis að finna fjögur dæmi sem styðja einkunnagjöf)
- Ø Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

- Ø Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:
H:\starfsfolk\Sjálfsmat\10.nóv.2010
Merkja skal skjalið (A - hópur, B – hópur, C – hópur...)

Sjálfsmat 10. nóv. 2010 NIÐURSTÖÐUR

Þemu

Lykilpáttur: 1. Um skólann								
Hóp ur	1.1	Stjórnun og stjórnendur	1	2	3	4	5	6
A	1	Stjórnendur í FSu eru hæfir í sínu starfi.				X		
A	2	Störf kennslustjóra / fagstjóra skila árangri.				X		
A	3	Störf sviðsstjóra skila árangri.				X		
A	4	Daglegt aðgengi að stjórnendum skólans er gott.						X
B	5	Stjórnendur og stjórnunarhættir eru hvetjandi.					X	
B	6	Skipurit um hlutverk stjórnenda er skýrt og öllum aðgengilegt.				X		
B	7	Fyrirkomulag starfsmannaviðtala er gott.						X
B	8	Upplýsingaflæði er fullnægjandi.		X				
	1.2	Fundir á miðvikudögum	1	2	3	4	5	6
B	9	Fundartími á miðvikudögum er hentugur kostur.					X	
C	10	Fundartíminn á miðvikudögum nýtist nemendum vel til félagsstarfa.				X		
C	11	Fundirnir á miðvikudögum eru skilvirkir.				X		
C	12	Salurinn hentar vel til funda.	X					
C	13	Samráð í fögum er hæfilega oft á önn.			X			
C	14	Efnisval á miðvikudagsfundum er fjölbreytt.						
	1.3	Vinnuaðstaða kennara og nemenda.	1	2	3	4	5	6
D	15	Vinnuaðstaða kennara er góð.		X				
D	16	Vinnuaðstaða kennara nýtist vel.		X				
D	17	Vinnuaðstaða nemenda er góð.					X	
D	18	Vinnuaðstaða nemenda nýtist vel.			X			
	1.4	Öryggismál	1	2	3	4	5	6
D	19	Verkaskipting í öryggismálum er skýr.	X					
E	20	Öryggisbúnaður er í lagi.			X			
E	21	Öryggi allra nemenda er tryggt innan veggja skólans.				X		
E	22	Brunavarnir skólans eru góðar.				X		
E	23	Gott eftirlit er með öryggisatriðum í húsakynnum og á lóð skólans.	X					
E	24	Viðbragsáætlanir við hvers kyns áföllum eru í góðu lagi.			X			
	1.5	1.5 Forvarnir	1	2	3	4	5	6
F	25	Unnið er að bættum skólabrag.				X		
F	26	Aðgengi nemenda að ráðgjöf er gott.						X
F	27	Verkferill eineltismála er einfaldur og aðgengilegur.			X			
F	28	Móttaka nýnema stuðlar að betri aðlögun þeirra að skólaumhverfinu.						X
F	29	Forvarnir eru sýnilegar í skólanum.			X			
G	30	Unnið er markvisst að forvörnum.					X	
G	31	Leiðirnar sem notaðar eru til forvarna eru góðar.				X		

Lykilpáttur: 6 Saga og þróun								
	6.1	Skýrslur:	1	2	3	4	5	6
G	32	Skýrslur skólans eru gagnlegar í skólastarfi.				X		

G	33	Skýrslur deilda eru aðgengilegar.							X
G	34	Athugasemdir sem koma fram í skýrslum skila sér í bættu skólastarfi.	X						
H	35	Skýrslugerð kennara er hæfileg.			X				
H	36	Skýrslur skólans eru upplýsandi.							X
	6.2	Fréttasiða FSu	1	2	3	4	5	6	
H	37	Fréttasiða FSu er áhugaverð og lifandi.		X					
H	38	Starfsfólk er duglegt að senda inn fréttir.	X						
H	39	Skólinn á að halda úti fréttasiðu.							X
I	40	Fréttasiða FSu gefur góða mynd af skólalífínu.			X				
	6.3	Nýbreytni	1	2	3	4	5	6	
I	41	Hvatt er til nýbreytni í FSu.		X					
I	42	Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið.	X						
I	43	Mikil nýbreytni er í starfi skólans.			X				
I	44	Starfsfólk skólans er jákvætt gagnvart nýbreytni.				X			
J	45	Starfsfólk FSu er haft með í ráðum við þróun og nýbreytni í skólastarfinu.							X
J	46	Nýbreytni í skólastarfi er sýnileg.							X
J	47	Frelsi kennara til nýbreytni er mikið.							X
J	48	Nemendur hafa áhrif á nýbreytni í skólastarfi.					X		
	6.4	6.4 Saga skólans	1	2	3	4	5	6	
J	49	Vel er staðið að varðveislu gagna um sögu skólans.		X					
K	50	Vel er staðið að sögulegum tímamótum sem tengjast skólanum.							X
K	51	Allar deildir skólans sinna varðveislu sögulegra gagna.			X				
K	52	Söguleg kennslutæki og gögn eru aðgengileg starfsmönnum og nemendum skólans.			X				
K	53	Heimildum um félagslíf nemenda er haldið til haga.			X				
K	54	Heimildum um félagslíf starfsfólks er haldið til haga.							X
	6.5	6.5 Hefðir	1	2	3	4	5	6	
L	55	Góðar hefðir eru innan skólans.							X
L	56	Kátir dagar eru nauðsynlegt uppbrot á hefðbundnu skólastarfi							X
L	57	Stjörnumerkjadagar virka vel til að brjóta upp hópamyndun og hefðbundið skólastarfi							X
L	58	Flóafár stuðlar að bættum skólabrag							X
L	59	Mikilvægt er að starfsfólk skólans taki fullan þátt í „gleðidögum“ og öðru uppbroti á skólastarfi							X
M	60	Fyrirkomulag busunar er gott.						X	
M	61	Fyrirkomulag dimmisjónar er gott.							X
M	62	Fyrirkomulag brautskráningar er til fyrirmyndar.							X
M	63	Íþróttakeppni nemenda og kennara á rétt á sér.							X
M	64	Nauðsynlegt er að viðhalda hefðum meðal starfsmanna.							X

Einkunn

6	Frábært	Frábært
5	Mjög gott	Flest er í lagi hjá okkur
4	Gott	Flest gott en ákveðnir þættir gætu orðið enn betri
3	Viðunandi	Jafnmargir jákvæðir og neikvæðir þættir
2	Veikt	Mikilvægir veikleikar eru til staðar
1	Óviðunandi	Miklir veikleikar

Samantekt eftir vinnu hópa 10. nóvember 2010 kl. 11:05

1.1 Stjórnun og stjórnendur

1 Stjórnendur í Fsu eru hæfir í sínu starfi: Einkunn: 4

Áfangastjórnun er mjög góð

Skólasóknarreglum er ekki fylgt

Stjórnendur reyna að leysa vandamál sem koma upp

Stjórnendur njóta trausts

Stjórnendur láta sum mál danka (mötuneyti kennara)

2 Störf kennslustjóra / fagstjóra skila árangri Einkunn: 4

Aðhald kennslustjóra við innheimtu kennsluáætlana skilar árangri

Aðhald kennslustjóra við bókalista skilar árangri

Starfsmenn hafa mismunandi reynslu af kennslustjórum

Kennslustjórar mikilvægir tenglar milli kennara og stjórnenda

3 Störf sviðsstjóra skila árangri Einkunn: 4

Störf þeirra eru ekki augljós

Fækkun um einn hefur engin sýnileg áhrif

Skýrslugerð í lagi

Glæsilegir fulltrúar skólans við útskriftir

4 Daglegt aðgengi að stjórnendum skólans er gott Einkunn: 6

Hér er bara eitt að segja: **JÁ**

Okkur í hóp A fannst afskaplega erfitt að meta þessa þætti sem okkur var úthlutað, sérstaklega hvað varðar störf kennslustjóra og störf sviðsstjóra. Þar skiptir mestu hve lítið sýnileg störf þeirra eru. En við reiknum með að ef þeir sinntu ekki sínum skyldum yrðum við vör við það.

5. Stjórnendur og stjórnunarhættir eru hvetjandi. Einkunn: 5

Það er aldagömul hefð fyrir flóamennsku í stjórnunarháttum.

Fólki er treyst fyrir vinnunni sinni, þangað til anað kemur í ljós.

Frjálslegir stjórnunarhættir.

Boðleiðir eru stuttar, beint samband og opnar dyr til stjórnenda.

Vegna þess að stjórnunarhættir eru hvetjandi og frekar ósýnilegir getur verið erfitt fyrir stjórnendur að beita sér.

6. Skipurit um hlutverk stjórnenda er skýrt og öllum aðgengilegt. Einkunn: 4

Skipuritið er á heimasíðu

Vel upp sett.

Aðgengilegt

Mætti vera ítarlegri útlistun á verkaskiptingu

Ef skipurit væri myndrænt myndi það auðvelda aðgengi að upplýsingum.

7. Fyrirkomulag starfsmannaviðtala er gott.

Einkunn 6

Skipulögð starfsmannaviðtöl hafa verið haldin einu sinni.

Í dag er auðvelt aðgengi að sjórnendum.

Starfsmenn geta farið í viðtal þegar þeir vilja.

Skipulögð starfsmannaviðtöl ættu að vera valkvæð.

Skipulögð starfsmanna viðtöl eru ekki í dag.

Um skipulögð starfsmannaviðtöl voru skiptar skoðanir.

8. Upplýsingaflæði er fullnægjandi

Einkunn 2

Upplýsingaflæði er fullnægjandi.

Upplýsingaflæði er of mikið.

Upplýsingaflæði á töflum til nemenda mætti vera meira.

Vantar tíma í samráð í fögum.

Vantar að upplýsa nýja kennara.

9. Fundartími á miðvikudögum er hentugur kostur.

Einkunn 5

Nýi tíminn er mjög til bóta.

Mánudagur ekki hentugur.

Föstudagur afar óhentugur

Truflun af félagsstarfi nemenda

Miðvikudagsfundir einu sinni í mánuði til samráðs í fögum.

10. Fundartíminn á miðvikudögum nýtist nemendum vel til félagsstarfa: Einkunn 4

1. Fjölbreytni vantar

2. Eitthvað þyrfti að vera í hverri viku.

3. Gott tækifæri fyrir hæfileikafólk til að troða up.

4. Atriði mætti auglýsa betur/eða eru jafnvel ekki auglýst.

5. Tilkynningaskjá fyrir nemendum vantar.

11. Fundirnir á miðvikudögum eru skilvirkir:**Einkunn 4**

1. Vantar að gefa meiri tíma til að ræða mál, jafnvel umdeild mál.
2. Of mikill tími í upplýsingagjöf sem mætti leysa með öðrum leiðum.
3. Utanaðkomandi kynningum mætti fjölga t.d nýjungar í skólastarfi.
4. Dagskrá funda er skýr og skilmerkileg henni fylgt.

12. Salurinn hentar vel til funda:**Einkunn 1**

1. Eini staðurinn í Odda sem hentar til funda.
2. Of mikið hjóð berst að utan.
3. Of mikið bergmál.
4. Vondir stólar.
5. Léleg loftræsting.

13. Samráð í fögum er hæfilega oft á önn:**Einkunn 3**

1. Of sjaldan að mati sumra.
2. Of lokuð fullyrðing!!

14. Efnisval á miðvikudögum er fjölbreytt.

1. Sjá að ofan.

15. Vinnuaðstaða kennara er góð.**Einkunn 2**

- Vinnuaðstaða íþróttakennara er mjög góð.
- Starfsfólk á Bókasafni er einstaklega jákvætt og liðlegt við kennara.
- Að öllu jöfnu mættu stólar vera betri.
- Geymslupláss þyrfti að vera meira.
- Það er almennt plássleysi í vinnuaðstöðu kennara
- Vantar fleiri lítil viðtalsherbergi, t.d. til að tala við nemendur/forráðamenn.
- Vinnuaðstaða kennara er mjsjöfn.

16. Vinnuaðstaða kennara nýtist vel.**Einkunn 2**

- Vinnuaðstaða kennara, þrátt fyrir þrengsi, er vel nýtt.
- Allt hillupláss er vel nýtt.
- Kennarar mættu taka til hjá sér.
 - Þessi spurning er of lík spurningu 15.

17. Vinnuaðstaða nemenda er góð.**Einkunn 5**

- Nemendur hafa gott aðgengi að bókasafni.
- Nemendur hafa gott aðgengi að vinnuaðstöðu í kjallara.
- Starfsfólk á Bókasafni er einstaklega jákvætt og liðlegt við nemendur.
- Nemendur hafa gott aðgengi að ljósritunarvél á Bókasafni og í lðu.
- Á annatíma getur álag á bókasafni verið of mikið.
- Eðlilegast væri að nemendur sjálfir svöruðu þessari spurningu.

18. Vinnuaðstaða nemenda nýtist vel.**Einkunn 3**

- Hún nýtist vel þeim sem vilja og hafa göt í stundatöflu.
- Kjallarinn nýtist vel sem vinnuaðstaða.
- Nemendur þyrftu að hafa aðgang að fleiri tölvum.
- Fjölga mætti fartölvuvögnum.
- Eðlilegast væri að nemendur sjálfir svöruðu þessari spurningu.
 - o Þessi spurning er of lík spurningu 17.

19. Verkaskipting í öryggismálum er skýr.**Einkunn 1**

- Verkaskipting á heimasíðu skólans er skýr (en kennarar eru ekki meðvitaðir um hana).
- Rifja mætti upp og segja frá öryggismálum áður en æfingar fara fram. (Skynsamlegt að gera það í byrjun hvorrar annar – öryggisnefndin mætti kynna sig og segja frá öryggismálum skólans).
- Fjölga mætti æfingum.
- Setja mætti upp flóttaleiðir í hverri kennslustofu.
- Góð hugmynd að taka öryggismál inn í umsjón til að gera nemendur meðvitaða um sitt hlutverk.

20. Öryggisbúnaður er í lagi.**Einkunn 3**

1. Öryggisbúnaður er yfirfarin reglulega +
2. Öryggismyndavélar hafa sannað gildi sitt +
3. Öryggismyndavélar eru of fáar -
4. Starfsmenn eru ekki vel upplýstir um öryggismál -
5. Lýsingu á bílastæði er ábótavant –
6. Nemendur hafa aðgang að læstum skápum +

21. Öryggi allra nemenda innan skólans er tryggt**Einkunn 4**

1. Öryggi nemenda í hjólastólum er ekki tryggt á efri hæðum þegar lyftu má ekki nota -
2. Brunaæfingar eru reglulega haldnar +

3. Nemendur þurfa að finna fyrir öryggi gagnvart öðrum nemendum -
4. Tveir starfsmenn sjá um eftirlit á göngum +
5. Eineltisáætlun er í gangi +

22. Brunavarnir skólans eru góðar

Einkunn 4

1. Brunaæfingar eru reglulega haldnar +
2. Öryggi nemenda í hjólastólum er ekki tryggt á efri hæðum, lyftu má ekki nota við eldsvoða -
3. Vatnsúðunarkerfi á göngum +
4. Margar rýmingarleiðir +

23. Gott eftirlit er með öryggisatriðum í húsakynnum og lóð skólans.

Einkunn 2

1. Öryggisnefnd er starfrækt +
2. Öryggisnefnd þarf að vera sýnilegri -
3. Eftirlit á bílastæðum þarf að bæta -
4. Lýsingu á bílastæðum ábótavant -
5. Aðkomuleiðir að skólanum eru oft tepptar vegna ólöglega lagðra bíla –

24. Viðbragðsáætlanir við hvers kyns áföllum eru í góðu lagi.

Einkunn 3

1. Viðbragðsáætlanir þarf að kynna betur fyrir starfsfólki -
2. Viðbragðsáætlanir eru á vef skólans +
3. Verklegar æfingar /þjálfun þarf að vera fyrir starfsfólk -
4. Starfsfólk þarf að vita hvar sjúkrakassar, slökkvitæki og neyðarútgangar eru -
5. Áfallateymi er starfandi við skólann +

25: Unnið er að bættum skólabrag.

Einkunn 4

Lengri umsjónartími býður upp á að unnið sé að bættum skólabrag.
 Skipulagðar uppákomur hafa að markmiði að bæta skólabrag, t.d. stjórnumerkjadagar.
 Eftirlitsmenn eru starfandi til að sjá til þess að farið sé eftir umgengnisreglum skólans.
 Nemendur eru ekki nógu virkir í að ganga vel um skólann.
 Kennarar eru ekki nógu meðvitaðir um eigið framlag til skólabragsins.

26: Aðgengi nemenda að ráðgjöf er gott

Einkunn 6

Margir aðilar sinna starfi ráðgjafa fyrir nemendum.
 Mjög gott aðgengi er að stjórnendum skólans.
 Afar gott aðgengi er að námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar eru af báðum kynjum.
Nemendur hitta umsjónarkennara vikulega.

27: Verkferill eineltismála er einfaldur og aðgengilegur

Einkunn 3

Verkferill eineltismála er til staðar
Verkferill eineltismála er ekki aðgengilegur á heimasíðu skólans
Verkferill er of takmarkaður miðað við fjölbreytileika boðleiða
Sérstakt netfang fyrir tilkynningar um einelti er til staðar
Sérstakt netfang fyrir tilkynningar um einelti tryggir ekki nafnleysi sendanda

28: Móttaka nýnema stuðlar að betri aðlögun þeirra að skólaumhverfinu

Einkunn 5

Nýnemadagur virkjar nýnema við að kynnast skólaumhverfinu
Ratleikur kennir nýnemum á skólaumhverfið gegnum upplifun
Nýnemar óska eftir innvígsluathöfn
Skipulag busavíglu í höndum nemendaráðs er í lagi
Aðför að nýnemum að busavíglu lokinni er ólíðandi

29: Forvarnir eru sýnilegar í skólanum

Einkunn 3,5

Eftirlitsmenn skólans eru sýnilegir á skólatíma
Forvarnarstefna skólans er aðgengileg á netinu
Forvarnarteymi er starfandi í skólanum
Starfsemi forvarnarteymis er ekki sýnileg í skólanum
Nemendur fá öfluga fræðslu í lífsleikniáfanganum varðandi kynsjúkdóma
Tóbak er sýnilegt í skólanum
Áfengir drykkir eru hafðir um hönd á skólaböllum utan skólans

30 Unnið er markvisst að forvörnum.

Einkunn 5

1. Við skólann starfar forvarnarteymi. +
2. Við skólann er forvarnarfulltrúi. +
3. Boðleiðir milli kennara og forvarnarteymis eða –fulltrúa í daglegu skólastarfi ekki skýrar. -
4. Vinnureglur starfsmanna skólans á skólaböllum eru góðar. +
5. Upplýsingarstreymi til kennara um störf / niðurstöður mála mætti verða meira. –

31 Leiðirnar sem notaðar eru til forvarnar eru góðar.

Einkunn 4

1. Stjörnumerkjadagar eru jákvæð leið til forvarnar. +
2. Þörf er á markvissari undirbúningi /forvinnu nemenda/leiðtoga fyrir stjörnumerkjadaga. -
3. Undirbúningur forvarnarteymis fyrir stjörnumerkjadaga er góður. +
4. Skósveinar vinna gott starf að forvörnum. +
5. Virkja þarf boðleiðir / samskipti milli skósveina og kennara/starfsmanna/skólastjórnenda. -
6. Akademíur og reglur þeirra er öflug forvörn. +

7. Væntanlegur „Heilsueflandi skóli“ er öflug forvörn. +

32 Skýrslur skólans eru gagnlegar í skólastarfi.

Einkunn 4

1. Upplýsingasöfnun um skólastarfið er mikilvæg. +
2. Menn geta nýtt skýrslurnar til endurbóta í skólastarfi. +
3. Góð leið fyrir starfsfólk til að koma fram sínum sjónarmiðum og knýja fram breytingar. +
4. Úrbætur eru ekki framkvæmdar í skólastarfi. -
5. Þörf er á að nýta skýrslurnar betur til úrbóta. -

33 Skýrslur deilda eru aðgengilegar.

Einkunn 5

1. Allar deildarskýrslur eru birtar á vefnum. +
2. Skýrslur deilda sendar til kennara viðkomandi deilda. +
3. Allir innan deilda leggja til efni í skýrsluna. +
4. Skýrslur deilda eru aðgengilegar en ekki markvisst nýttar til endurbóta. -

34 Athugasemdir sem koma fram í skýrslum skila sér í bættu skólastarfi. Einkunn 2

1. Þarf að ætla tíma fyrir kennslu að hausti til að vinna markvisst með athugasemdir til úrbóta. -
2. Búa þarf til skilvirkari leiðir til að koma úrbótum í framkvæmd. -
3. Athugasemdir framkvæma sig ekki sjálfar. -
4. Skólayfirvöldum berast athugasemdir og geta bætt úr. +

35 Skýrslugerð kennara er hæfileg

Einkunn 3

- Mismikil skýrslugerð eftir stöðu kennara
- Almennir kennarar skrifa ekki mikið af skýrslum
- Álag á sérkennara er mjög mikið, eðli málsins samkvæmt
- Almennir kennarar skrá lítið hjá sér +
- Kennlustjórar þurfa að skila skýrslum í lok skólaársins
- Galli á gjöf Njarðar því betra væri að kennarar sendu kennlustjóra skýrslu/punkta í lok hvernar annar

36 Skýrslur skólans eru upplýsandi

Einkunn 5

- Já, þær geta verið gagnlegt tæki til að benda á það sem betur mætti fara
- Sýna hvað vel er gert
- Sýna hvar breytinga er þörf
- Þær halda utan um námskeið sem kennarar hafa sótt
- Sýna þróun skólastarfsins á gagnsæjan hátt
- Almennt ekki lesnar og krufnar af starfsfólki

37 Fréttasíða FSu er áhugaverð og lifandi

Einkunn 2

- Já, hún orðin það í dag
- En slæmt hversu lengi sumar fréttir hanga inni
- Starfsfólk þyrfti að vera öflugra í að senda inn fréttir
- Of lítið af fréttum af nemendum og félagslífi þeirra
- Vantar fréttir af starfinu hér innanhúss
- Í hverri viku ættu að koma a.m.k. ein til tvær fréttir frá nemendaráði, ein til tvær frá starfsfólki, einnig jákvæðar fréttir af nemendum

38 Starfsfólk er duglegt að senda inn fréttir

Einkunn 1

- Nei, alls ekki, þyrftu að vera mun öflugri
- Fréttasíðan er einsleit þar sem það koma ekki margir að því að senda inn efni
- Kennarar fá ekki greitt fyrir að senda inn fréttir, þ.a.l. er það ekki fyrst á forgangslista
- Gagnlegt væri að virkja fleiri til að skrifa fréttir inn á síðuna
- Skilgreina þarf betur hvers konar fréttir ættu að vera á síðunni, til að víkka út efnissviðið

39 Skólinn á að halda úti fréttasíðu

Einkunn 6

- Já, hann á að gera það
- Segja fréttir úr SKÓLALÍFINU SJÁLFU
- Skólinn verður að vera sýnilegur í þessu samfélagi
- Foreldrar geti farið inn á heimasíðuna og séð hvað er að gerast í skólanum
- Með því að birta fréttir af litlum atburðum/viðburðum sem gerast inn á skólans, t.d. söng nemenda í frímínútum, virkar það hvetjandi á aðra nemendur
- Fréttir eru góð kynning á skólastarfinu út á við
- Góð fréttasíða laðar nemendur að skólanum

40 Fréttasíða FSu gefur góða mynd af skólalífinu.

Einkunn: 3

- Fréttavefurinn gefur ekki víða eða heilstæða mynd af skólalífinu.
- Starfsmenn eru misduglegir að senda inn fréttir.
- Margt skemmtilegt og áhugavert gleymist í önnum dagsins.
- + Allir geta komi fréttum á framfæri.
- + Fréttasíðan er sýnileg fyrir alla.

41 Hvatt er til nýbreytni í FSu.

Einkunn: 2

- + Nýbreytni var hampað á ráðstefnunni fagmennska og för.
- + Starfsmenn hafa möguleika á að fara á námskeið og ráðstefnur og stunda nám.
- Skólinn hefur ekki tök á að styrkja þá starfsmenn fjárhagslega sem leita sér þekkingar.
- Starfsmenn eru ekki alltaf hafðir með í ráðum þegar nýbreytni er tekin upp.
- Litla nýbreytni ber á góma á fundum.
- Margt sem rætt er um manna á milli kemst aldrei í umræðu á fundum.

42 Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið

Einkunn: 1

- Námsframboðið er fremur fábrotið og staðnað á sumum sviðum.
- Það nokkurt brottfall nemenda.
- Skólinn mætti leggja meiri áherslu á gagnrýna og skapandi hugsun.
- + Aðgengi að tölvum er í takt við þjóðfélagið.
- Tækjakostur í verknámi er aðeins á eftir „samfélaginu“.

43 Mikil nýbreytni er í starfi skólans

Einkunn: 3-4

- + Skólinn í okkar höndum
- + Fjör og fagmennska
- +/- Stoðtímar
- + Íþróttakademiur
- Vantar lifandi og markvissa umræðu um kennsluhætti og skólalífið.
- Vantar nýbreytni í námsframboð.

44 Starfsfólk skólans er jákvætt gagnvart nýbreytni

Einkunn: 4

- + Áhugi kom fram á Fagmennska og fjör.
- Áhuginn væri meiri ef umræða væri á gólfinu en tilskipun kæmi ekki að ofan.
- /+ Menntu eru mishrífir á uppbroti á skólastarfi.
- + Hluti af starfsfólki er duglegt við að afla sér þekkingar.
- Sumir eru neikvæðir gagnvart nýbreytni

45. Starfsfólk er haft með í ráðum í þróun og nýbreytni.

Einkunn 6.

- UT nefnd fundar reglulega um þróun upplýsingatæknimála
- Námskrárhópar á reglulegum fundum
- Skólinn í okkar höndum að hluta til unnið af vinnuhópum starfsfólks
- Með reglulegum fundum gefst starfsfólki oft færi á að koma skoðunum sínum á framfæri
- Nýtt kennsluumhverfi í Moodle unnið í samráði

46. Nýbreytni í skólastarfi er sýnileg:

Einkunn 6.

- Fjör og fagmennska gott dæmi um sýnilega nýbreytni
- Vefsíða FSu með stöðugar fréttir af skólastarfi
- Merkjadagar sýnilegri bæði innan skóla og utan.
- Moodle kerfið vel auglýst af kennurum
- Íþróttakademiur koma reglulega fram í fjölmiðlum

47. Frelsi kennara til nýbreytni er mikið:

Einkunn 5

- Kennarar hafa mikið frelsi til að koma með hugmyndir um áfanga
- Kennarar hafa mikið frelsi til tilraunastarfsemi inni í kennslustofunni og hvattir til þess
- Skortur á fjármagni hindrar nýbreytni
- Kennarar hvattir til að sækja námskeið

- Ný náskrágerð hvetur til nýsköpunar

48. Nemendur hafa áhrif á nýbreytni í skólastarfi:

Einkunn 4

- Nemendur geta haft áhrif í gegnum kennslukannanir
- Nemendafélag kemur að viðburðum
- Nemendur hafa áhrif í gegnum val á áföngum
- Nemendur hafa lítinn aðgang að umræðu milli stjórnenda og kennara um þróun skólastarfs.
- Nemendur hafa ekki bein áhrif á kennsluáætlanir og námsmat í áföngum.

49. Vel er staðið að varðveislu gagna um sögu skólans.

Einkunn 2

- Saga skólans er að hluta til geymd í skýrslum og veffréttum á vef skólans.
- Engin skipulögð söfnun gagna er tengist sögu skólans
- Þar sem skólinn er ekki safn er ekki tilgangur skólans að safna gögnum um sögu skólans.
- Fartölva nr. 1 er til niðri í kjallara. Mætti fara á byggðasafn.
- Vantar skýr viðmið hvað þarf að varðveita og hvernig það ætti að gera.

50 Vel er staðið að sögulegum tímamótum sem tengjast skólanum. Einkunn 5

Vel var staðið að 25 ára afmæli skólans, eftirminnileg hátíð. Þátttakendur bæði starfsfólk og nemendur. Gulir bolir.

Dæmi er um veglega þátttöku FSu í stofnun fræðslunets Suðurlands og þar á undan Farskólans

Akademíur voru vel kynntar með útgáfu bæklinga sem dreift var til almennings

FSu sýndi frumkvæði með því að stofna fyrstur framhaldsskóla Hestabraut

Hugsanlega hefði FSu kynna hestabrautina betur, gera meira úr því hversu mikill áfangi þetta var.

51 Allar deildir skólans sinna varðveislu sögulegra gagna.

Einkunn 3

Almenn vitneskja um sögu þessara mála er lítil á meðal hópmeðlima, erfitt er því að leggja mat á þennan lið.

Mjög mismunandi er hversu sýnleg varðveisla sögulegra gagna er á milli deilda

Gagn og gaman gæti verið af því að gera sögu deildanna sýnilegri

Myndræn skráning af hinum og þessum atburðum og lífi og starfi skólans er til fyrirmyndar.

Þessi varðveisla er mjög dýrmæt.

Tölfræðileg gögn um námsárangur nemenda eru til aftur í tímann sem sögulegt gagn.

52 Söguleg kennslutæki og gögn eru aðgengileg starfsm. og nem. skólans Einkunn 3

Almenn vitneskja um sögu þessara mála er lítil á meðal hópmeðlima, erfitt er því að leggja mat á þennan lið.

Vitum til þess að gamlar tölvur eru geymdar í tölvudeildinni

Vitum til þess að ritvélar eru einhvers staðar til

Gamla og staflausa kennara má sjá göngum skólans, sumir hafa verið hér frá upphafi skólans.

Væntanlega eru til gamlar kennslubækur inn á bókasafni.

53 Heimildum um félagslíf nemenda er haldið til haga. Einkunn 3

Söngvakeppnir skólans eru teknar upp á vídeo

Margt aðgengilegt á heimasíðu NFSu, t.d. efni af kvöldvökum o.þ.h.

Mikið af myndefni á heimasíðu NFSu frá hinum og þessum uppakomum

Skv. áreiðanlegum heimildum frá formanni nemendaráðs vantar dagbókarfærslur aftur í tímann frá nemendaráðum

Vitum ekki hvort Pressan sé geymd aftur í tímann, vantar almenna vitneskju hópmeðlima um slíkt.

54 Heimildum um félagslíf starfsfólks er haldið til haga. Einkunn 5

Mikið af myndefni til sem heimild um félagslíf starfsmanna

Starfsmannafélagið hefur og heldur fundargerðarbók frá upphafi

Sterkar hefðir hafa myndast um félagslíf starfsmanna og þeim er haldið til haga

Vel er staðið að félagslífi starfsfólks

Fram kemur í heimildum að gott samstarf ríki á milli starfsmannafélags og stjórnar skólans.

55 Góðar hefðir eru innan skólans Einkunn 6

+ Margar góðar hefðir er innan skólans

+ Brautskráningin er viðameiri og glæsilegri heldur en gerist í öðrum skólum

+ Kátir dagar er hefð sem er mjög jákvæð og skemmtileg þar sem nemendur og kennarar sameinast í óhefðbundnu skólastarfi

+ Flóafár er hefð í skólanum sem er góð

+ Nýnemadagurinn er góð hefð sem við viljum festa í sessi

56 Kátir dagar eru nauðsynlegt uppbrot á hefðbundnu skólastarfi Einkunn 5

+ Kátir dagar er hefð sem er mjög jákvæð og skemmtileg þar sem nemendur og kennarar sameinast í óhefðbundnu skólastarf

+ Nemendur og kennarar sameinast í undirbúingi

+ Kennarar fá tækifæri til að sýna á sér aðrar hliðar, t.d. með fyrirlestrum o.þ.h.

+ Getur verið vettvangur fyrir forvarnir

- Mikilvægt er að tryggja þátttöku nemenda og fjölbreytni

57 Stjörnumerkjadagar virka vel til að brjóta upp hópamyndun og hefðbundið skólastarf. Einkunn 5

+ Stjörnumerkja dagar virka vel þar sem allir fá tækifæri til að vera með

+ Bolirnir virka vel sem hvatning til að taka þátt

+ Það er gaman að sjá öðruvísi hópamyndun

- + Tímasetningin á haustin hentar vel; nauðsynlegt að hafa uppbrot á báðum önum
- mikilvægt að hópstjórar séu virkir

58 Flóafár stuðlar að bættum skólabrag

Einkunn 6

- + Þjappar nemendunum saman í undirbúningnum
- + Þátttaka starfsfólks setur svip sinn skólabraginn
- + Spennandi fyrir kennara að búa til þrautir sem snúast um eitthvað allt annað en það sem þeir kenna daglega
- + Skemmtilegt fyrir nemendur að sjá kennara sína í skrytnum múderingum
- + Flóafárið stendur upp úr í minningu nemenda frá skólaárum sínum hér í Fsu

59 Mikilvægt er að starfsfólk skólans taki fullan þátt í „gleðidögum“ og öðru uppbroti á skólastarfi

Einkunn 6

- + Alveg gríðarlega mikilvægt
- + Mikilvægt að nemendur sjái starfsfólk skólans í öðru hlutverki en dags daglega
- + „Gleðidagar“ ættu að vekja upp tilhlökkun hjá starfsfólki sem og nemendum
- + Ýtir undir góðan skólabrag
- + Þjappar starfsfólki saman

60 Fyrirkomulag busunar er gott:

Einkunn 4

Gott er að starfsmenn skólans komi að busuninni
 Gott að hafa sérstakan busadag í byrjun skólaárs
 Mikilvægt að gott samstarf sé á milli skólastjórnenda og stjórnar nemendafélagsins
 Slæmt er þegar einkabusun fer fram utan skólans
 Margir nemendur kvíða þessum degi.

61 Fyrirkomulag dimmisjónar er gott:

Einkunn 6

Gott að við dimmisjón sé ekkert áfengi sjáanlegt í skólanum
 Dimmisjón raskar lítið hefðbundnu skólastarfi
 Dimmisjón setur skemmtilegan svip á skólann
 D. skapar skemmtilegar minningar fyrir brottfarendur
 Borðhald nemenda og kennara er mjög ánægjulegt

62 Fyrirkomulag brautskráningar er til fyrirmyndar:

Einkunn 6

Kaffiveitingar til fyrirmyndar

Hátíðlegt andrúmsloft við athafnirnar

Jákvætt hversu margir starfsmenn koma með beinum hætti að brautskráningunni.

‘Kór skólans setur ánægjulegan svip á athöfnina.

Aðkoma hollvinasamtakanna að útskrift er jákvæð

Útskriftin gengur hratt og vel fyrir sig.

63 Íþróttakeppni nemenda og kennara á rétt á sér.

Einkunn 5

Góð tilraun til að efla jákvæð samskipti nemenda og kennara

Brýtur upp skólastarf

Full einhæfar keppnisgreinar

Jákvætt væri að nota fundargat til keppninnar í stað þess að gefa frí í tímum

Jákvætt er að kennarar séu ekki skikkaðir til að taka þátt

64 Nauðsynlegt er að viðhalda hefðum meðal starfsmanna

Einkunn 6

Gott er að hafa ákveðnar hefðir í heiðri

Hefðir auðvelda nýjum starfsmönnum inngöngu í starfsmannahópinn

Hefðbundnir viðburðir eru menningaraukandi og bæta starfsandann

Ekki er litið á það neikvæðum augum þótt fólk taki ekki þátt

Fjölbreytni er talsverð í hefðbundnum viðburðum starfsmanna

Kostnaði er ætíð haldið í lágmarki

Aðgerðaráætlun vegna vinnu 10. nóv. kemur í framhaldi af hverju svari.

8. Upplýsingaflæði er fullnægjandi

Einkunn 2

Upplýsingaflæði er fullnægjandi.

Upplýsingaflæði er of mikið.

Upplýsingaflæði á töflum til nemenda mætti vera meira.

Vantar tíma í samráð í fögum.

Vantar að upplýsa nýja kennara.

Aðgerð: Skerpa á upplýsingagjöf til nýrra kennara. Hafa í huga þegar sent er á starfsfólk hver á að fá skilaboðin. Hvetja kennslustjóra til að halda samráðsfundi þegar tími gefst til þess. Áminning í tölvupósti á mánudegi um samráð á miðvikudegi. **Ábyrgð:** ÞÍ

12. Salurinn hentar vel til funda:

Einkunn 1

1. Eini staðurinn í Odda sem hentar til funda.

2. Of mikið hljóð berst að utan.

3. Of mikið bergmál.

4. Vondir stólar.

5. Léleg loftræsting.

Aðgerð: Rætt um mögulega fundarstaði, breyta uppröðun í sal, hvetja til notkunar á hljóðkerfi. Verður ekki flutt annað, enginn annar staður sem hentar. **Ábyrgð:** Sviðsstjórar raða stólum, hljóðkerfi er nú yfirleitt í notkun

15. Vinnuaðstaða kennara er góð.**Einkunn 2**

- Vinnuaðstaða íþróttakennara er mjög góð.
- Starfsfólk á Bókasafni er einstaklega jákvætt og liðlegt við kennara.
- Að öllu jöfnu mættu stólar vera betri.
- Geymslupláss þyrfti að vera meira.
- Það er almennt plássleysi í vinnuaðstöðu kennara
- Vantar fleiri lítil viðtalsherbergi, t.d. til að tala við nemendur/forráðamenn.
- Vinnuaðstaða kennara er mjsjöfn.

Aðgerð: Hvetjum til tiltektar til að skapa pláss, gamlar möppur sem ekki hafa verið notaðar lengi!! ;) Er í raun gert. Stór tiltektardagur í vor. Ræða á áttufundi

16. Vinnuaðstaða kennara nýtist vel.**Einkunn 2**

- Vinnuaðstaða kennara, þrátt fyrir þrengsi, er vel nýtt.
- Allt hillupláss er vel nýtt.
- Kennarar mættu taka til hjá sér.
 - Þessi spurning er of lík spurningu 15.

Aðgerð: Hvetjum til tiltektar til að skapa pláss, gamlar möppur sem ekki hafa verið notaðar lengi!! ;)

18. Vinnuaðstaða nemenda nýtist vel.**Einkunn 3**

- Hún nýtist vel þeim sem vilja og hafa göt í stundatöflu.
- Kjallarinn nýtist vel sem vinnuaðstaða.
- Nemendur þyrftu að hafa aðgang að fleiri tölvum.
- Fjölga mætti fartölvuvögnum.
- Eðlilegast væri að nemendur sjálfir svöruðu þessari spurningu.
 - o Þessi spurning er of lík spurningu 17.

Aðgerð: Biðja Ellu og Steinunni að gera könnun á tölvunotkun á bókasafni. **Ábyrgð:** Sviðsstjórar

19. Verkaskipting í öryggismálum er skýr. (skoða þessa fullyrðingu) Einkunn 1

- Verkaskipting á heimasíðu skólans er skýr (en kennarar eru ekki meðvitaðir um hana).
- Rífa mætti upp og segja frá öryggismálum áður en æfingar fara fram. (Skynsamlegt að gera það í byrjun hvorrar annar – öryggisnefndin mætti kynna sig og segja frá öryggismálum skólans).
- Fjölga mætti æfingum.
- Setja mætti upp flóttaleiðir í hverri kennslustofu.
- Góð hugmynd að taka öryggismál inn í umsjón til að gera nemendur meðvitaða um sitt hlutverk.

Aðgerð: Kynna öryggismál meðal nemenda í umsjón snemma á önn. Biðja Heiðu að setja inn í umsjón. **Ábyrgð:** ÞI

20. Öryggisbúnaður er í lagi.**Einkunn 3**

1. Öryggisbúnaður er yfirfarin reglulega +
2. Öryggismyndavélar hafa sannað gildi sitt +
3. Öryggismyndavélar eru of fáar -
4. Starfsmenn eru ekki vel upplýstir um öryggismál -
5. Lýsingu á bílastæði er ábótavant –
6. Nemendur hafa aðgang að læstum skápum +

Aðgerð: ÖK skoðar að fjölga öryggismyndavélum. Öryggisnefnd skoðar hvernig má upplýsa um öryggismál, t.d. með stöðvum(öryggisdagur að hausti). Lýsing tengist framkvæmdum á lóð v/viðbyggingar. 13. Jan. Öryggismyndavélum hefur verið fjölgað. Þí ætlar að skoða lýsingu á bílastæði, athuga með ljóskastara. Fjölga þarf að gangandi vegfarendum með endurskin. Ábyrgð :Átta-sviðsstjórar

23. Gott eftirlit er með öryggisatriðum í húsakynnum og lóð skólans. Einkunn 2

1. Öryggisnefnd er starfrækt +
2. Öryggisnefnd þarf að vera sýnilegri -
3. Eftirlit á bílastæðum þarf að bæta -
4. Lýsingu á bílastæðum ábótavant -
5. Aðkomuleiðir að skólanum eru oft teptar vegna ólöglega lagðra bíla –

Aðgerð: Öryggisnefnd skoðar hvernig má upplýsa um öryggismál, t.d. með stöðvum(öryggisdagur að hausti). Lýsing tengist framkvæmdum á lóð v/viðbyggingar. Gæslumenn skoði hvort bílum er lagt ólöglega. –Átta-sviðsstjórar

24. Viðbragðsáætlanir við hvers kyns áföllum eru í góðu lagi. Einkunn 3

1. Viðbragðsáætlanir þarf að kynna betur fyrir starfsfólki -
2. Viðbragðsáætlanir eru á vef skólans +
3. Verklegar æfingar /þjálfun þarf að vera fyrir starfsfólk -
4. Starfsfólk þarf að vita hvar sjúkrakassar, slökkvitæki og neyðarútgangar eru -
5. Áfallateymi er starfandi við skólann +

Aðgerð: Öryggisnefnd skoðar hvernig má upplýsa um öryggismál, t.d. með stöðvum(öryggisdagur að vori/hausti). Þarf að finna tíma til að skipuleggja og halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk. Stefnt á að hafa skyndihjálparnámskeið í upphafi haustanna 2011. Ábyrgð:átta. svið

F27: Verkferill eineltismála er einfaldur og aðgengilegur Einkunn 3

Verkferill eineltismála er til staðar
 Verkferill eineltismála er ekki aðgengilegur á heimasíðu skólans
 Verkferill er of takmarkaður miðað við fjölbreytileika boðleiða
 Sérstakt netfang fyrir tilkynningar um einelti er til staðar
 Sérstakt netfang fyrir tilkynningar um einelti tryggir ekki nafnleysi sendanda
 Aðgerð: Vísa til verkefnisstjórnar „skólinn í okkar höndum“. Ábyrgð: ÆS

F29: Forvarnir eru sýnilegar í skólanum Einkunn 3,5

Eftirlitsmenn skólans eru sýnilegir á skólatíma
 Forvarnarstefna skólans er aðgengileg á netinu
 Forvarnarteymi er starfandi í skólanum
 Starfsemi forvarnarteymis er ekki sýnileg í skólanum
 Nemendur fá öfluga fræðslu í lífsleikniáfanganum varðandi kynsjúkdóma
 Tóbak er sýnilegt í skólanum
 Áfengir drykkir eru hafðir um hönd á skólaböllum utan skólans

Aðgerð: vísa til forvarnarteymis .**Ábyrgð:** Sendir til Írisar

34 Athugasemdir sem koma fram í skýrslum skila sér í bættu skólastarfi. Einkunn 2

5. Þarf að ætla tíma fyrir kennslu að hausti til að vinna markvisst með athugasemdir til úrbóta. –
6. Búa þarf til skilvirkari leiðir til að koma úrbótum í framkvæmd. -
7. Athugasemdir framkvæma sig ekki sjálfar. –
8. Skólafirvöldum berast athugasemdir og geta bætt úr. +

Aðgerð: kynna betur /ræða við kennslustjóra /kennslustjórafundur. **Ábyrgð** Sviðsstjórar

35 Skýrslugerð kennara er hæfileg

Einkunn 3

- Mismikil skýrslugerð eftir stöðu kennara
- Almennir kennarar skrifa ekki mikið af skýrslum
- Álag á sérkennara er mjög mikið, eðli málsins samkvæmt
- Almennir kennarar skrá lítið hjá sér +
- Kennslustjórar þurfa að skila skýrslum í lok skólaársins
- Galli á gjöf Njarðar því betra væri að kennarar sendu kennslustjóra skýrslu/punkta í lok hvernar annar

Aðgerð: Biðja kennslustjóra að kalla eftir skýrslum í lok hvernar annar. **BEB** hefur gert

37 Fréttasíða FSu er áhugaverð og lifandi

Einkunn 2

- Já, hún orðin það í dag
- En slæmt hversu lengi sumar fréttir hanga inni
- Starfsfólk þyrfti að vera öflugra í að senda inn fréttir
- Of lítið af fréttum af nemendum og félagslífi þeirra
- Vantar fréttir af starfinu hér innanhúss
- Í hverri viku ættu að koma a.m.k. ein til tvær fréttir frá nemendaráði, ein til tvær frá starfsfólki, einnig jákvæðar fréttir af nemendum

Aðgerð: hafa samband við nemendaráð/ritráð og biðja þau að gera eina stutta frétt á viku og senda á Gísla. **Ábyrgð** Þ!

38 Starfsfólk er duglegt að senda inn fréttir

Einkunn 1

- Nei, alls ekki, þyrftu að vera mun öflugri
- Fréttasíðan er einsleit þar sem það koma ekki margir að því að senda inn efni

- Kennarar fá ekki greitt fyrir að senda inn fréttir, þ.a.l. er það ekki fyrst á forgangslista
- Gagnlegt væri að virkja fleiri til að skrifa fréttir inn á síðuna
- Skilgreina þarf betur hvers konar fréttir ættu að vera á síðunni, til að víkka út efnissviðið

Aðgerð: reyna að virkja kennslustjóra til að senda fréttir úr sinni deild, hugsanlega ein vika á önn. Margt að gerast í kennslustofum sem sniðugt væri að setja á fréttasíðu. Nemendur skrifa stundum fréttir (verkefni) sem væri hægt að nota á fréttasíðu. Á kennslustjórafund Ábyrgð. Sviðsstjórar

40 Fréttasíða FSu gefur góða mynd af skólalífinu.

Einkunn: 3

- Fréttavefurinn gefur ekki víða eða heilstæða mynd af skólalífinu.
- Starfsmenn eru misduglegir að senda inn fréttir.
- Margt skemmtilegt og áhugavert gleymist í önnum dagsins.
- + Allir geta komi fréttum á framfæri.
- + Fréttasíðan er sýnileg fyrir alla.

Aðgerð: reyna að virkja kennslustjóra til að senda fréttir úr sinni deild, hugsanlega ein vika á önn. Margt að gerast í kennslustofum sem sniðugt væri að setja á fréttasíðu. Nemendur skrifa stundum fréttir (verkefni) sem væri hægt að nota á fréttasíðu. Svið

41 Hvatt er til nýbreytni í FSu.

Einkunn: 2

- + Nýbreytni var hampað á ráðstefnunni fagmennska og för.
- + Starfsmenn hafa möguleika á að fara á námskeið og ráðstefnur og stunda nám.
- Skólinn hefur ekki tök á að styrkja þá starfsmenn fjárhagslega sem leita sér þekkingar.
- Starfsmenn eru ekki alltaf hafðir með í ráðum þegar nýbreytni er tekin upp.
- Litla nýbreytni ber á góma á fundum.
- Margt sem rætt er um manna á milli kemst aldrei í umræðu á fundum.

Aðgerð: Þjóða kennurum að ræða um efni sem brennur á þeim á kennarafundi, gott að byrja fund á þessu. Hugmyndir um nýbreytni koma oft frá starfsmönnum og kennurum. Ábyrgð ÞÍ

42 Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið

Einkunn: 1

- Námsframboðið er fremur fábrotið og staðnað á sumum sviðum.
- Það nokkurt brottfall nemenda.
- Skólinn mætti leggja meiri áherslu á gagnrýna og skapandi hugsun.
- + Aðgengi að tölvum er í takt við þjóðfélagið.
- Tækjakostur í verknámi er aðeins á eftir „samfélaginu“.

Aðgerð: Hvetja kennara til að vera opnir fyrir nýjungum í tengslum við námskrágerð. Ábyrgð: Sviðsstjórar.

43 Mikil nýbreytni er í starfi skólans

Einkunn: 3-4

- + Skólinn í okkar höndum
- + Fjör og fagmennska

+/- Stoðtímar

+ Íþróttakademíur

- Vantar lifandi og markvissa umræðu um kennsluhætti og skólalífið.

- Vantar nýbreytni í námsframboð.

Aðgerð: Þjóða kennurum að ræða um efni sem brennur á þeim á kennarafundi, gott að byrja fund á þessu. Hugmyndir um nýbreytni koma oft frá starfsmönnum og kennurum. Ábyrgð ÞÍ

49. Vel er staðið að varðveislu gagna um sögu skólans.

Einkunn 2

- Saga skólans er að hluta til geymd í skýrslum og veffréttum á vef skólans.
- Engin skipulögð söfnun gagna er tengist sögu skólans
- Þar sem skólinn er ekki safn er ekki tilgangur skólans að safna gögnum um sögu skólans.
- Fartölva nr. 1 er til niðri í kjallara. Mætti fara á byggðasafn.
- Vantar skýr viðmið hvað þarf að varðveita og hvernig það ætti að gera.

Aðgerð: Vísa til bókasafns(Elín,Steinunn) og fá þær til að veða og meta hvernig skuli standa að varðveislu gagna um sögu skólans. Ábyrgð :Sviðsstjórar

55 Allar deildir skólans sinna varðveislu sögulegra gagna.

Einkunn 3

Almenn vitneskja um sögu þessara mála er lítil á meðal hópmeðlima, erfitt er því að leggja mat á þennan lið.

Mjög mismunandi er hversu sýnleg varðveisla sögulegra gagna er á milli deilda

Gagn og gaman gæti verið af því að gera sögu deildanna sýnilegri

Myndræn skráning af hinum og þessum atburðum og lífi og starfi skólans er til fyrirmyndar.

Þessi varðveisla er mjög dýrmæt.

Tölfræðileg gögn um námsárangur nemenda eru til aftur í tímann sem sögulegt gagn.

Aðgerð: Vísa til bókasafns(Elín,Steinunn) og fá þær til að veða og meta hvernig skuli standa að varðveislu gagna um sögu skólans.

56 Heimildum um félagslíf nemenda er haldið til haga.

Einkunn 3

Söngvakeppnir skólans eru teknar upp á vídeo

Margt aðgengilegt á heimasíðu NFSu, t.d. efni af kvöldvökum o.þ.h.

Mikið af myndefni á heimasíðu NFSu frá hinum og þessum upþákomum

Skv. áreiðanlegum heimildum frá formanni nemendaráðs vantar dagbókarfærslur aftur í tímann frá nemendaráðum

Vitum ekki hvort Pressan sé geymd aftur í tímann, vantar almenna vitneskju hópmeðlima um slíkt.

Aðgerð: Ræða á skólaráðsfundi, kanna hvað er gert og finna leið til úrbóta. Ábyrgð ÞÍ

Sjálfsmat 26. janúar 2011

Þemu

Lykilþáttur: 2. Námið		
	2.1	Námsframboð
	1	Nemendur af báðum kynjum geta fundið nám við hæfi
	2	Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi
	3	Áfangaframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift
	4	Fjölbreytileiki námsframboðs er góður
	5	FSu býður upp á nám fyrir nemendur óháð aldri/námsetu
	6	Nægilegt framboð er af stuttum starfstengdum brautum
	2.2	Kennsla og kennsluaðferðir
	7	Fjölbreytilegar kennsluaðferðir eru notaðar við FSu
	8	Samræmi er á milli markmiða, kennslu og námsmats
	9	Tekið er tillit til skoðana nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir
	10	Kennurum er gert auðvelt að sækja námskeið og fylgjast með í sínu fagi
	11	Kennarar sinna skyldum sínum varðandi endurmenntun og sjálfsrýni
	12	Kennarar eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum
	13	Kennarar vinna vel saman innan deilda
	2.3	Námsmat/námsárangur
	14	Námsmat mælir námsárangur
	15	Námsmat endurspeglar námsmarkmið
	16	Útskrifaðir nemendur úr FSu. eru vel undirbúnir fyrir frekara nám
	17	Námsmat er í samræmi við kennslu
	18	Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum
	19	Útskrifaðir nemendur úr FSu. eru vel undirbúnir fyrir þátttöku í Lýðræðisþjóðfélagi
	20	Námsmat er fjölbreytilegt
	2.4	Námskröfur og reglur
	21	Námskröfur eru hæfilegar
	22	Námskröfur hvers áfanga eru skýrar
	23	Mætingareglur veita nemendum aðhald
	24	Kennarar framfylgja mætingareglum
	25	Mætingareglur eru skýrar
	26	Ut anumhald mætingakerfis er skilvirkt
	27	Nemendur fylgja óskráðum reglum í kennslustofunni
	2.5	Ástundun og vinna nemenda
	28	Nemendur eru áhugasamir/jákvæðir gagnvart námi sínu
	29	Nemendur sinna vel námi í kennslustundum
	30	Nemendur eru duglegir að tileinka sér Moodle
	31	Nemendur sinna heimanámi vel
	32	Nemendur sem forfallast oft eru duglegir að hafa samband við kennara.

Lykilpáttur: 3. Starfsfólk		
	3.1	Starfsandi
	33	Starfsandi er góður
	34	Samstarf og samskipti starfsfólks er gott.
	35	Starfsandi er góður á vinnusvæðum
	36	Dreifing vinnusvæða hefur áhrif á starfsandann
	37	Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni
	3.2	Mannauður/starfsmat
	38	Menntun starfsfólks hæfir starfssviði þess
	39	Starfsmannavelta skólans er hæfileg
	40	Starfsfólk sækir sér endurmenntun
	3.3	Verkaskipting
	41	Verkaskipting er skýr
	42	Upplýsingaflæði er gott
	43	Starfsfólki eru ljósar skyldur sínar
	44	Skipurit skólans er ljóst og öllum aðgengilegt
	3.4	Félagsstarf starfsfólks: Kennarafélag og starfsmannafélag
	45	Félagsstarfið er öflugt
	46	Félagsstarfið er við allra hæfi
	47	Gott jafnvægi er milli hefða og nýjunga í félagsstarfinu
	48	"Föstudagsfjórið" í morgunkaffinu, er góð tilbreyting
	49	Kostnaður við félagsstarfið er hæfilegur
	50	Kennarafélagið stuðlar að faglegri umræðu
	51	Allir starfshópar skólans eru virkjaðir til þátttöku í félagslífi
	52	Umgengni starfsfólks um skólann er góð
	53	Skólinn styður nægjanlega við félagslíf starfsfólks
	54	Stjórnskipulag skólans ytir undir lýðræði meðal starfsfólks

Sjálfsmat 6. apríl 2011

Tími Miðvikudagsfundur
 Þátttakendur Kennarar skólans og nemendur

Verkefni.

- Ø Hver hópur svarar mismunandi spurningum (Hópur A svarar A - liðum, hópur B svarar B – liðum, hópur C svarar...).
- Ø Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum)
- Ø Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast)

Þegar komið er að því að gefa lykilþáttum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Ø Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Ø Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta (Hér þarf einungis að finna fjögur dæmi sem styðja einkunnagjöf)
- Ø Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

- Ø Hver hópur kennara skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:
 H:\starfsfolk\Sjálfsmat\6.april2011
 Merkja skal skjalið (A - hópur, B – hópur, C – hópur...)
- Ø Nemendur skili í möppu á N-drifinu sem hefur slóðina:
 N:\Sjálfsmat 6.april2011
 Merkja skal skjalið (A - hópur, B – hópur, C – hópur...)

		Sjálfsmat 6. apríl 2011											
		Niðurstöður matsins											
		Pemu						Mat					
Lykilpáttur: 2. Námið													
	2.1 Námsframboð	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6
AB	1 Nemendur af báðum kynjum geta fundið nám við hæfi							B	A				
AB	2 Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi					A	B						
AB	3 Áfangaframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift									A			B
AB	4 Fjölbreytileiki námsframboðs er góður							B		A			
AB	5 FSu býður upp á nám fyrir nemendur óháð aldri/námsetu							B		A			
AB	6 Nægilegt framboð er af stuttum starfstengdum brautum	A						B					
	2.2 Kennsla og kennsluaðferðir	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6
CD	7 Fjölbreytilegar kennsluaðferðir eru notaðar við FSu									C			D
CD	8 Samræmi er á milli markmiða, kennslu og námsmats					D				C			
CD	9 Tekið er tillit til skoðana nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir							C	D				
CD	10 Kennurum er gert auðvelt að sækja námskeið og fylgjast með í sínu fagi											D	C
CD	11 Kennarar sinna skyldum sínum varðandi endurmenntun og sjálfsrýni							C		D			
CD	12 Kennarar eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum					D							C
EF	13 Kennarar vinna vel saman innan deilda									F	E		
	2.3 Námsmat/námsárangur	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6
EF	14 Námsmat mælir námsárangur			E						F			
EF	15 Námsmat endurspeglar námsmarkmið			E							F		
EF	16 Útskrifaðir nemendur úr FSu. eru vel undirbúnir fyrir frekara nám							F		E			
EF	17 Námsmat er í samræmi við kennslu			E							F		
EF	18 Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum							E	F				
GH	19 Útskrifaðir nemendur úr FSu. eru vel undirbúnir fyrir þátttöku í Lýðræðisþjóðfélagi									G			H
GH	20 Námsmat er fjölbreytilegt											G	H
	2.4 Námskröfur og reglur	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6
GH	21 Námskröfur eru hæfilegar							G		H			
GH	22 Námskröfur hvers áfanga eru skýrar											G	H
GH	23 Mætingareglur veita nemendum aðhald							H					G
GH	24 Kennarar framfylgja mætingareglum							G					
IJ	25 Mætingareglur eru skýrar											I	J
IJ	26 Utanumhald mætingakerfis er skilvirkt					J						I	
IJ	27 Nemendur fylgja óskráðum reglum í kennslustofunni							J				I	
	2.5 Ástundun og vinna nemenda	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6
IJ	28 Nemendur eru áhugasamir/jákvæðir gagnvart námi sínu					J				I			
IJ	29 Nemendur sinna vel námi í kennslustundum							I	J				
KL	30 Nemendur eru duglegir að tileinka sér Moodle									L			K
KL	31 Nemendur sinna heimanámi vel					L			K				
KL	32 Nemendur sem forfallast oft eru duglegir að hafa samband við kennara.							K	L				

Lykilþáttur: 3. Starfsfólk																
	3.1	Starfsandi	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6		
KL	33	Starfsandi er góður										L	K			
KL	34	Samstarf og samskipti starfsfólks er gott.						L	K							
MN	35	Starfsandi er góður á vinnusvæðum					M					N				
MN	36	Dreifing vinnusvæða hefur áhrif á starfsandann					M			N						
MN	37	Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni					M					N				
	3.2	Mannauður/starfsmat	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6		
MN	38	Menntun starfsfólks hæfir starfssviði þess					M			N						
MN	39	Starfsmannavelta skólans er hæfileg			M										N	
OP	40	Starfsfólk sækir sér endurmenntun					O									
	3.3	Verkaskipting	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6		
OP	41	Verkaskipting er skýr			O			P								
OP	42	Upplýsingaflæði er gott					O			P						
OP	43	Starfsfólki eru ljósar skyldur sínar			O					P						
OP	44	Skipurit skólans er ljóst og öllum aðgengilegt					O					P				
	3.4	Félagsstarf starfsfólks: Kennarafélag og starfsmannafélag	1	1	2	2	3	3	4	4	5	5	6	6		
QR	45	Félagsstarfið er öflugt						R						Q		
QR	46	Félagsstarfið er við allra hæfi				R								Q		
QR	47	Gott jafnvægi er milli hefða og nýjunga í félagsstarfinu								R	Q					
QR	48	"Föstudagsfjórið" í morgunkaffinu, er góð tilbreyting					Q			R						
QR	49	Kostnaður við félagsstarfið er hæfilegur							Q			R				
ST	50	Kennarafélagið stuðlar að faglegri umræðu				T					S					
ST	51	Allir starfshópar skólans eru virkjaðir til þátttöku í félagslífi							S	T						
ST	52	Umgengni starfsfólks um skólann er góð					S					T				
ST	53	Skólinn styður nægjanlega við félagslíf starfsfólks									S					
ST	54	Stjórnskipulag skólans ýtir undir lýðræði meðal starfsfólks												S		

Niðurstöður sjálfsmats 6. apríl 2011 - Kennarar

1. <u>Nemendur af báðum kynjum geta fundið nám við hæfi.</u>	Einkunn 4
- nemendur af báðum kynjum eru velkomnir á allar brautir	+
- fleiri verkgreinar höfða til stráka en stelpna	-
- við erum ekki með snyrtifræði eða hárgreiðslu	-
- bóknám höfðar til beggja kynja	+
- akademíur höfða til beggja kynja (að körfubolta undanskildum)	+
2. <u>Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi.</u>	Einkunn 3
- tekið er á móti hópum úr grunnskólunum og skólinn kynntur	+
- kynningarefni þarf að útbúa t.d. fyrir verknámsbrautir	-
- kynningarefni þarf fyrir námsbrautir sem eru orðnar fámennar	-
- nýnemadagurinn góð viðbót	+
- vantar kynningardag, þar sem kennarar kynna sitt fag (t.d. rétt fyrir val	-
3. <u>Áfangaframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift.</u>	Einkunn 5
- áfangaframboð er ekki það gott að nemandi þurfi ekki að fresta útskrift	-
- skólinn biður upp á áfangana, en nemandinn hefur ekki náð að skipuleggja nám sitt	+
- skólinn biður upp á áfangana, en nemandinn hefur hætt í áfanga eða fallið og getur þá lent í vanda.	+
- fullkomnara valkerfi þarf að vera fyrir hendi í tölvukerfinu	-
- áfangaframboð er í heild sinni gott	+
- hjá áfangastjóra geta þau fengið góða hjálp við að velja	+
4. <u>Fjölbreytileiki námsframboðs er góður.</u>	Einkunn 5
- nám í F.Su er fjölbreytt	+
- það mætti auka fjölbreytni í námi í F.Su	-
- það er hestabraut hér í skólanum	+
- frumkvöðlafræðin er dæmi um gott námsframboð	+
- akademíurnar eru dæmi um gott námsframboð	+
5. <u>FSu býður upp á nám fyrir aldri/námsgetu</u>	Einkunn 5
- allir nemendur eru velkomnir í skólann	+
- þegar of margir sækja um á sömu braut þá er valið eftir einkunnum	-
- FSu býður upp á nám á Litla-Hrauni	+
- FSu býður upp á nám á Sogni	+
- FSu býður upp á starfsbraut	+
6. <u>Nægilegt framboð er af stuttum starfstengdum brautum.</u>	Einkunn 1
- það er ekki nægilegt námsframboð á stuttum starfstengdum brautum	-
- það þarf að meta grunnnámið til starfsréttinda (hálf-rafvirki)	-

- sá sem á erfitt með bóknám þarf að geta útskrifast af styttri verknámsbraut -
- koma þarf á fót blandaðri snyrtibraut -
- það vantar stutta bílgreinabraut -

1. Nemendur af báðum kynjum geta fundið nám við hæfi Einkunn 3
 - vantar iðngreinar sem konur sækja í (hárgreiðsla, snyrtifræði, klæðskeraiðn...
 - ekki hægt að ljúka iðngreinum (nema húsasmíði) við FSu
 - + sjúkraliðabraut og hestabraut höfða frekar til kvenna, rétta hlutfallið
 - fleiri strákar detta út úr skólanum, sem gæti þýtt að þeir finni sig ekki í náminu
 - + bóknámið er nokkuð sveigjanlegt og hentar báðum kynjum
 - lengri listabraut gæti bætt ástandið

2. Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi Einkunn 3
 - + góðar upplýsingar á heimasíðu skólans
 - vantar opið hús þar sem framboð er kynnt fyrir nemendum og foreldrum
 - margir nemendur vita lítið um námsframboð skólans
 - + kynningar haldnar fyrir grunnskólanema
 - mætti kynna sérstaklega á heimasíðunni brautir eru utan meginstraumsins, svo sem iðnnámið, hestabraut, listnámsbraut... eða nýjar brautir sem kunna að koma upp

3. Áfangaframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift Einkunn 6
 - + ef nemendur skipuleggja námið þarf engu að fresta

4. Fjölbreytileiki námsframboðs er góður Einkunn 3

Sjá lið 1:

5. FSu býður upp á nám óháð aldir/námsgetu Einkunn 3
 - + boðið upp á starfsbraut
 - + engum meinað að stunda nám vegna aldurs
 - ekki öldungadeild eða fjarnám
 - ekki meistaraskóli síðan hrundi

6. Nægilegt framboð er af stuttum starfstengdum brautum Einkunn 3
 - + sjúkraliðabraut
 - + hestabraut
 - vantar fleiri stuttar brautir fyrir nemendur sem ekki eiga erindi í stúdentspróf

7. Fjölbreytilegar kennsluaðferðir eru notaðar við FSu. Einkunn 5
 - a) Mismunandi eftir greinum og kennurum
 - b) Námsferðir (á góðæristímum) eru tíðar
 - c) Tölvunotkun gefur góð tækifæri í þessu samhengi
 - d) Mikil áhersla á verklega kennslu
 - e) Hópvavinna algeng
 - f) Einhverjir gætu ferð fastir í sama gamla farinu

8. Samræmi er á milli markmiða kennslu og námsmats Einkunn 5
 - a) Gerðar eru kennsluáætlanir þar sem þessa er krafist

- b) Ómögulegt að svara þessu nema fyrir sig persónulega
- c) Gera verður ráð fyrir því að farið sé eftir kennsluáætlunum í meginatriðum

9. Tekið er tillit til skoðana nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir. Einkunn 3

- a) Kennt er skv. námskrá. Óljóst er með áhrif nemenda þar á.
- b) Komið til móts við ýmsar sérþarfir nemenda, varðandi þátttöku í hópavinnu, hljóðbækur og fleiri sérúrræði.
- c) Kennarar fá mat á kennslu og kennsluaðferðir reglubundið
- d) Kennarar semja kennsluááætlun, skv. námskrá og nemendur koma ekki/lítið að því
- e) Kennarinn er verkstjóri og þarf að hafa verkstjórnarvald í kennslustofunni.

10. Kennurum er gert auðvelt að sækja námskeið og fylgjast með í sínu fagi. Einkunn 6

- a) Vísindasjóðurinn hjálpar
- b) Stjórnendur eru jákvæðir gagnvart námskeiðssókn
- c) Kennarar fá frí til að sækja námskeið á skólatíma

11. Kennarar sinna skyldum sínum varðandi endurmenntun og sjálfsrýni. Einkunn 3

- a) Sumir eru mjög duglegir að sækja námskeið og endurmenntun
- b) Sumir eru mjög latir að sækja námskeið og endurmenntun
- c) Erfiðleikar skapast vegna þess að mismikið er í boði eftir fögum
- d) Sjálfsmatsvinna er ágæt sjálfsrýni, svo langt sem það nær
- e) Skortur er á opinni umræðu um málefni stofnunarinnar á fundum. Kennarafundir eru of miklar tilkynningasamkomur og sjáldan tími til frjálsra skoðanaskipta.
- f) Ekki gefst nægur tími fyrir námsgreinar eða kennara sem kenna sama áfanga til að stunda sjálfsrýni í næði

12. Kennarar eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum. Einkunn 6

- a) Kennarar hafa mikið sjálfstæði í vali á námsefni
- b) vinnubrögðum sínum og
- c) matsaðferðum

7. Fjölbreytilegar kennsluaðferðir eru notaðar í FSu Einkunn 6

Bæði bóklegt og verklegt nám leiðir til þess að kennsluaðferðir eru fjölbreyttari en í bóknámsskóla. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar þar sem námframboð er fjölbreytt.

Vettvangsferðir

Moodle og verkefni á netinu tryggja fjölbreytni

Útikennsla, útielhdús, smíðar

„Töflukennsla“ og fyrirlestrar ríkjandi.

8. Samræmi er á milli markmiða kennslu og námsmats Einkunn 2

Markmið kennslu nást ekki alltaf vegna mismunandi getu nemenda
Námsmat endurspeglar ekki yfirferð allra nemenda.

9. Tekið er tillit til skoðana nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir. Einkunn 3

Nemendur hafa sjaldnast skoðanir í kennsluaðferðum.

Kennarar eru yfirleitt með mótaðar kennsluaðferðir sem þeir eru tregir til að breyta. Í smíðum eru stundum verkfundir þar sem farið er yfir verkefni dagsins.

10. Kennurum er gert auðvelt að sækja námskeið og fylgjast með í sínu fagi. Einkunn 5

Auðvelt að fá frí til að sækja námskeið.
Í verklegum greinum eru oft námskeið á staðnum.
Námskeið á vegum skólans eru tíð.
Sjaldan kost á launuðu námsleyfi.

11. Kennarar sinna skyldum sínum varðandi endurmenntun og sjálfsrýni. Einkunn 4

Margir kennarar fara á námskeið.
Virki þátttaka í sjálfsmati.
Mikil umræða milli kennara innan hvernar greinar.
Kennarar eru samvirkusamir og viðhalda þekkingu sinni með sjálfsnámi.

12. Kennarar eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum. Einkunn 2

Fjölbreyttar kennsluaðferðir endurspeglar sjálfstæði.
Kennarar hafa frelsi til að vinna sjálfstætt.
Verkefni var erfitt og við féllum á tíma....

13 – Kennarar vinna vel saman innan deilda. Einkunn 5

- Samvinna er nauðsynleg þegar margir kennarar kenna sömu áfanga.
- Samvinna þarf að vera nán til að samræmi náist í í námsmarkmiðum innan áfanga og deilda.
- Samvinna þarf að vera nán til að samræmi náist í í námsmati.
- Til að samvinna náist þurfa kennarar að geta talað saman.
- Stundum næst ekki samstaða á milli kennara innan deilda.

14 - Námsmat mælir námsárangur. Einkunn 2

- Námsmat á að mæla námsárangur.
- Námsmat getur verið mjög breytilegt eftir áföngum.
- Utan að komandi námsmat er æskilegt til að tryggja réttmæti / áreiðanleika / sanngirni.
- Námsmat er ekki samræmt á milli skóla eins og það ætti að vera.
- Nauðsynlegt er að afturvirk endurgjöf (feed back) komi frá viðtökuskólum.

15 - Námsmat endurspeglar námsmarkmið. Einkunn 2

- Námsmat á að endurspeglar námsmarkmið.
- Kennsla á að taka mið af námsmarkmiðum.
- Ekki er hægt að fullyrða um þennan lið án undangenginnar rannsóknar.
- Námsmarkmið taki mið af mismunandi kröfum samfélagsins.

16 - Útskrifaðir nemendur úr FSU, eru vel undirbúnir fyrir frekara nám. Einkunn 5

- Samvirkusamir nemendur ættu að vera vel undirbúnir.
- Hæfilega fjölbreytt nám í FSU til að gera nemendum til hægis.
- Hugsanlega eru mismunandi kröfur á milli áfanga.
- Kennarar í FSU þyrftu nákvæmari upplýsingar um kröfur háskóla.
- Í mörgum áföngum er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

17 – Námsmat er í samræmi við kennslu. Einkunn 2

- Nákvæm kennsluáætlun á að tryggja að námsmat sé í samræmi við kennslu.
- Kennsla miðast við kennsluáætlun.
- Misjafnt eftirlit er með því hvort kennarar í FSU miði námsmat við kennsluáætlun.
- Ekki er hægt að fullyrða um þennan lið án undangenginnar rannsóknar.

18 – Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum. Einkunn 3

- Námsmat er eðlilega mismundi í verknáms og bóknámsgreinum.
- Námsmat á að vera mismunandi eftir ólíkum námsmarkmiðum.
- Námsmatið á að vera sniðið fyrir hvern áfanga/verkefni.

Ekki er hægt að fullyrða um þennan lið án undangenginnar rannsóknar

13 – Kennarar vinna vel saman innan deilda. Einkunn 4

Jákvætt:

Óformlegir fundir reglulegir, vikulegir samráðsfundir milli þeirra sem eru með sömu áfanga.

Aðgengi nýrra kennara að samstarfsfólki og námsefni mjög gott.

Kennarar setja sér sameiginleg markmið í kennslu en með frelsi til tjáningar í kennslu fyrir hvern og einn.

Neikvætt:

Eldri kennarar með minna samráð sín á milli en þeir nýrri.

Stundum gætir á togstreitu milli eldri og nýrri kennara.

14 - Námsmat mælir námsárangur. Einkunn 4

Jákvætt:

Miklu fleiri þættir í hæfni nemandans eru metnir en áður sem er gott.

Vægi lokaprófa orðið minna.

Námsmat tekur tillit til allra ekki bara afburðanemenda.

Neikvætt:

Námsmat fer eftir deildum og fögum sem er neikvætt.

Það mætti bæta símatið.

15 - Námsmat endurspeglar námsmarkmið. Einkunn 5

Jákvætt:

Námsmat tekur tillit til allra ekki bara afburðanemenda.

Fjölþætt námsmat endurspeglar markmiðin betur.

Námsmarkmið eru vel ígrunduð í flestum tilfellum

Námsmatið er yfirleitt byggt á markmiðum og því tengist þetta vel.

Neikvætt:

Í tungumálaáföngum er kannski ekki verið að meta skilning nógu vel í símati.

16 - Útskrifaðir nemendur úr FSU, eru vel undirbúnir fyrir frekara nám. Einkunn 3

Jákvætt:

Mjög einstaklingsbundið.

Háskólanám byggir mikið á verkefnavinnu og námsmat hér er orðið í samræmi við það.

Neikvætt:

Fjölbreyttni getur tekið frá þeim sem ætla sér í þyngra nám.

Kennarar sem kenna lokaáfanga mættu kynna sér betur sín fög í háskólanum til þess að gera sér grein fyrir hvað það er sem bíður nemenda.

Háskólanám byggir á sjálfstæðum vinnubrögðum og við kannski hjálpum of mikið.

17 – Námsmat er í samræmi við kennslu. Einkunn 5

Jákvætt:

Námsmat tekur tillit til allra ekki bara afburðanemenda.

Fjölþætt námsmat endurspeglar markmiðin betur.

Námsmarkmið eru vel ígrunduð í flestum tilfellum

Námsmatið er yfirleitt byggt á markmiðum og því tengist þetta vel.

Neikvætt:

Í tungumálaáföngum er kannski ekki verið að meta skilning nógu vel í símati.

18 – Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum.

Einkunn 3

Tími útrunninn.....en já okkur finnst þessi fullyrðing of almenn og ekki eiga við þennan skóla....

19) Útskrifaðir nemendur úr FSu eru vel undirbúnir fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Einkunn 4

A) Nemendur frá FSu koma vel inn í fög með takmörkunum

B) Hvað segja rannsóknir og tölur????

C) Skólinn mætti gefa rannsóknir og tölur upp reglulega til nemenda, kennara, foreldra og velunnara.

D) Markmið skólans eru skýr um að svo eigi að vera.

E) Forsendur lýðræðisþjóðfélags eru breytilegar og svo lengi lærir sem lifir.

20) Námsmat er fjölbreytilegt.

Einkunn 6

A) Fjölbreytni námsmats er mikil.

B) Haldið er utan um nemandan alla önnina í flestum fögum og það flokkast undir námsmat.

C) Fjölbreytileiki lokamats er mikil.

D) Fjölbreytni er nauðsynleg- ekki hægt að setja öll fög undir símat.

E) komið er til móts við sérþarfir nemenda við lokamat og símat.

21) Námskröfur eru hæfilegar

Einkunn 4

A) Í flestum fögum

B) Sum fög mættu slaka á námskröfum og magni námsefnis.

C) Upplifun nemenda er mismunandi eftir getu og áhugasviði.

D) Heildarsýn yfir kennslu og kennslumagn hvers fags liggur ekki ljós fyrir.

E) Hér kemur fagmennska, áhugi og áhugakveikja kennarans sterk inn.

22) Námskröfur hvers áfanga eru skýrar.

Einkunn 6

A) Kennsluáætlanir eru fyrir hvert fag

B) Kennsluáætlanir eru á heimasíðu skólans

C) Kennarar fara eftir eigin kennsluáætlunum

D) Nemendur nota kennsluáætlanir til stuðnings í námi.

E) Kennsluáætlanir eru skýrar með þær kröfur sem gerðar eru til nemenda.

23) Mætingareglur veita nemendum aðhald

Einkunn 6

A) Mætingarkröfur gefa nemendum aðhald.

B) Mætingarreglur eru mjög skýrar

C) Mætingarreglur eru rammi utan um námið og nemandann.

D) Mætingarreglur/ viðveruskráning auka yfirsýn kennara fyrir gengi og framvindu nemandans í náminu.

E) Mætingarkröfur/ viðveruskráning eru sýnilegir forráðamönnum til 18 ára og eykur samvinnu heimils og skóla.

24) Kennarar framfylgja mætingareglum Einkunn 4

- A) Kennarar framfylgja mætingarreglum
- B) Margir kennarar strangir með S-in
- C) Margir kennarara ekki nógu strangir með S-in
- D) Umsjónakennarar misáhugasamir um utanumhaldið
- E) Hagsmunaárekstrar milli mætingareglna - nemenda og skólans varðandi framistöðu og fjármagn.

19. Útskrifaðir nemendur úr Fsu eru vel undirbúnir fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi: Einkunn 6

1. Fjölbreyttur nemendahópur leiðir af sér að nemendur kynnast mismunandi hugmyndafræði
2. Búsetubakgrunnur nemenda er ólíkur (sveitir, sjávarþorp, þéttbýli af ýmsum gerðum)
3. Nemendur taka þátt í ákvörðunum, s.s. í skólaráði
4. Almenn þátttaka nemenda í undirbúningi undir ýmsar uppákomur, s.s. afmælis skólans, káttra daga ...
5. Lífsleikni, hópavinna, umræðutímar, hóppróf stuðla allt að því að gera nemendur hæfari til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi

20 Námsmat er fjölbreytilegt: Einkunn 6

1. Hóppróf
2. Jafningjamat
3. Símat
4. Hópavinna
5. Portfolio-mappan

21 Námskröfur eru hæfilegar: Einkunn 5

1. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur Fsu standa sig vel í Háskólanámi (munum ekki hvaða rannsóknir þetta eru en höfum heyrt þetta)
2. Nemendur kvarta almennt ekki yfir námskröfum
3. Nemendur kvarta yfir álagstoppum á önn
4. Fjölbreytni í námsmati kemur til móts við þarfir ólíkra einstaklinga
5. Fjölbreytini í námsmati dreifir álaginu og spreyta sig á ólíkum sviðum

22 Námskröfur hvers áfanga eru skýrar: Einkunn 6

1. Kennsluáætlanir eru almennt vel unnar hér í skólanum
2. Vægi einstakra námsþátta koma almennt skýrt fram í kennsluáætlunum
3. Kennsluáætlanir aðgengilegar á netinu
4. Sundurliðun námsmats almennt skýrt í kennsluáætlunum
5. Lágmarkskröfur skýrt settar fram í kennsluáætlunum

23 Mætingareglur veita nemendum aðhald: Einkunn: 3

1. Hjá flestum nemendum veita mætingareglur aðhald
2. Mætingareglum ekki nægilega vel fylgt eftir af hálfu skólans
3. Undanþágur í skólaráði of auðfengnar
4. Átak í gegnum Innu hefur gefist vel

24 Kennar framfylgja mætingareglum:

Engin einkunn gefin

1. Kennarar skrá mætingar í kennslustundum
2. Er ekki á ábyrgð kennara
3. Þessi spurning á ekki rétt á sér hér. Á við um umsjónarkennara. Sjá lið 26
4. Umsjónarkennarar framfylgja almennt skyldu sinni að fylgjast með mætingum nemenda sinna

25. Mætingareglur eru skýrar

Einkunn 6

Á heimasíðuskólan eru skólasóknarreglur greinilega tíundaðar með dæmum. Einnig upplýsir Inna nemendur jafnóðum um skólasókn

26. Utanumhald mætingakerfis er skilvirkt.

Einkunn 6

Utanumhald er skilvirkt. Ása sendir skammir ef kennari gleymir að skrá inn og fylgist með mætingu nemenda af dansk/þýskri nákvæmni.

27. Nemendur fylgja óskráðum reglum í kennslustofunni.

Einkunn 6

Hver kennari hefur sitt verklag og sínar reglur sem nemendur taka mið af. Jafnframt spilar viðhorf kennara til skráðra reglna áhrif á framfylgd þeirra; jafnvel til hunsunar.

28. Nemendur eru áhugasamir jákvæðir gagnvart námi sínu.

Einkunn 5

Ekki eru allir nemendur að fá 10 í ástundun og því leikur vafi á að hægt sé að segja að þeir nemendur sem ekki stunda námið af kappi séu áhugasamir. Margir nemendur eru þó að sinna náminu af samvirkusemi

29. Nemendur sinna vel námi í kennslustundum.

Einkunn 3

Nemendur sem hafa áhuga á náminu og vilja læra sinna náminu vel í kennslustundum. Margir nemendur haf meiri áhuga á tölvusamskiptum og öðrum utanaðkomandi truflunum. Má þar nefna tölvunotkun og smáskilaboð. Ekki er nauðsynlegt að hafa alltaf kveikt á tölvum í kennslustofunni og almenna reglan væri sú að slökkt væri á farsímum.

25. Mætingarreglur eru skýrar

Einkunn: 6

Þegar nemendur hefja nám eru mætingarreglur kynntar ítarlega. Umsjónarkennarar ítreka mætingarreglurnar við sína umsjónarnemendur. Reglurnar eru aðgengilegar á netinu. Reglurnar eru skýrar hvað varðar veikindi. Reglurnar eru skýrar hvað varðar fjarvistir. Reglurnar eru skýrar hvað varðar leyfisveitingar og vottorð.

26. Utanumhald mætingakerfisins er skilvirkt

Einkunn: 2

Misbrestur er á að umsjónarkennarar fylgist nógu reglulega með mætingu umsjónarnemenda. Misbrestur er á að almennir kennarar komi á framfæri upplýsingum við umsjónarkennara ef nemendur eru komnir með of margar fjarvistir. Útfærslan á viðbrögðum við slæmri mætingu er ábótavant.

Kennarar eru ekki nógu upplýstir um það hver viðbrögð þeirra við slæmri mætingu á að vera. Skráningarkerfið (Inna) virkar eins og til er ætlast. Eftirlit með skráningu í Innu er til fyrirmyndar.

27. Nemendur fylgja óskráðum reglum í kennslustofum

Einkunn: 2,5

Meiri hluti nemenda (um 80%) fylgir óskráðum reglum í kennslustofum.
Notkun farsíma viðgengst í kennslustundum.
Misnotkun á fartölvum viðgengst í kennslustundum.
Matur og drykkur veldur truflun í kennslustundum.
Klósættferðir eru töluvert notaðar að óþörfu.
Umgengni er oft slæm.

28. Nemendur eru áhugasamir/jákvæðir gagnvart námi sínu.

Einkunn: 2

Stór hluti nemenda er áhugasamur, jákvæður og virkur í námi sínu.
Margir eru taka þó ekki ábyrgð né frumkvæði í námi sínu.
Lítill hluti nemenda er algerlega stefnulaus og er þessi hópur mjög áberandi.
Margir nemendur eru óánægðir með skólakerfið í heild, það sé ekki nógu áhugavert.

29. Nemendur sinna vel námi í kennslustundum.

Einkunn: 3

Nemendur vinna oftast vel þau verkefni sem lögð eru fyrir þau.
Það skortir á almenna virkni nemenda í kennslustundum ef ekki er um skilverkefni að ræða, t.d. í umræðum.
Að öðru leyti, sjá fullyrðingar við spurningu 28.

30. Nemendur eru duglegir að tileinka sér Moodle.

Einkunn 6.

+ Margir áfangar kenndir í Moodle.
+ Litlir sem engir erfiðleikar hjá nemendum að fara inn í Moodle.
+ Moodle aðgengilegt fyrir nemendur og kennara á heimasíðu skólans.
+ Nemendur kvarta ef áfangi er ekki aðgengilegur í Moodle.
+ Yfirfærsla úr Angel tókst vel

31. Nemendur sinna heimanámi vel.

Einkunn 4

+ Hluti nemenda sinnir alltaf heimanámi
+ Umbun eða refsing þarf að fylgja úthlutun heimanáms til að það skili sér
- Nemendur vinna mikið með skóla og heimanám situr á hakanum
+ Stór hluti náms í Fsu felur ekki í sér heimanám
- Hluti nemenda skilar aldrei heimanámi

32. Nemendur sem forfallast oft eru duglegir að hafa samband við kennarara. Einkunn 3

- Nemendur sem forfallast oft mættu vera mun duglegri að hafa samband við kennara
+ Nemendur sem hafa áhuga á námi sínu hafa samband
+ Nemendur sem eru að útskrifast hafa samband við kennara og námsráðgjafa

- Kennarar mættu vera duglegri að halda utanum nemendum sem eru mikið forfallaðir
- + Nemendur sem hafa sterkt bakland hafa meira samband
- Mismunandi reglur hjá kennurum með mætingar, stundum er mæting tekin inn í vetrareinkunn.

33. Starfsandi er góður.

Einkunn 6

- + Starfsandi mældur samkvæmt könnunum virðist góður
- + Töluvert og fjölbreytt félagsstarf
- + Frekar opinn og frjálsglegur vinnustaður
- + Utanlandsferðir bæta mórál og sýna að starfsandi er góður
- + Ný kaffivél hefur bætt starfsandann enn meira

34. Samstarf og samskipti starfsfólks er gott.

Einkunn 4

- + Mikið samstarf innan fagreina
- Mætti auka þverfaglegt samstarf
- + Flest starfsfólk er í sameiginlegu starfsmannafélagi
- + Samskipti á kaffistofu og vinnusvæðum jákvæð og góð
- Skólahúsnæði er ekki allt á sama stað og það dregur úr samskiptum.

30. Nemendur eru duglegir að tileikna sér Moodle

Einkunn 4

- a. Aðeins einn kennari af þremur í hópnum notar Moodle þannig að eðlilega litar það svör kennara í þessum lið.
- b. Já, ná sér í glærur
- c. Skoða einkunnir
- d. Skila verkefnum
- e. Misvirkir eins og gengur í öllu námi.

31. Nemendur sinna heimanámi vel

Einkunn 2

- a. Í hægferð sinnir meirihluti heimanámi illa
- b. Í hraðferð sinnir meirihluti heimanámi vel
- c. Sí algengara að nemendur kaupa ekki námsgögin, kemur niður á heimanámi
- d. Stór hluti nemenda er í vinnu með námi og þá kemur það gjarnan niður á náminu
- e. Þrátt fyrir aðstöðu og göt í töflu þá nýta nemendur það ekki sem skyldi og koma oft óundirbúnir í tíma

32. Nemendur sem forfallast oft eru duglegir að hafa samband við kennarann

Einkunn 3

- a. Almenn á það ekki við
- b. Mætingakerfið er orðið skilvirkara þannig að það er erfiðara fyrir nemendur að hverfa vikum saman án þess að neitt gerist.
- c. Ef að kennsluáætlun er vel samin og henni fylgir tímaplan þá á nemandi að geta skipulagt sig út frá því og mætt í próf á réttum tíma. Það á við marga að þeir fara vel eftir þessu.
- d. Ef að kennsluáætlun er loðin þá er þetta erfiðara fyrir nemanda, helst oft í hendur
- e. Nemendur hafa möguleika til að hafa samband við kennara í gegnum Moodle og í gegnum tölvupóst. Sumir nemendur nýta sér þetta, en ekki allir.

33. Starfsandi er góður

Einkunn 5

- a. Engin stéttaskipting á milli kennara og stjórnenda
- b. Engin klíkumyndun á meðal kennara

- c. Val um virkni í félagsatarfi er sjálfhvætt
- d. Olweusaráætlun mætti gilda jafnt um starfsfólk sem nemendur
- e. Sætisskipan á kennarastofu er nokkuð frjáls miðað við marga aðra skóla

34. Samstarf og samskipti starfsfólk er gott Einkunn 3

- a. Jákvætt að fólki er treyst fyrir því sem það er að gera og ekki verið að samhæfa of mikið, ekki verið að anda ofan í hálsmálið hjá kennurum.
- b. Tilraunir til of náins samstarf mun skapa núning, andstætt þeim mórál sem hér hefur verið en hér hefur fólki verið treyst til að vinna vinnuna sína faglega.
- c. Misjafnt á milli deilda hversu mikið samráð er og misjafn vilji til samstarfs
- d. ABBALABBA hópur dæmi um sjálfsprottið samstarf sem er mjög virkt
- e. Miðlægur kjarasamningur tryggir gott samstarf á milli fólks fremur en dreifstýrður kjarasamningur sem byggir á alúðarmati.

35 Starfsandi er góður á vinnusvæðum Einkunn 3

+ já

- Vinnufriður ekki alltaf tryggður vegna þess að svæðin eru opin
- + Opið rými hefur kosti, samkennd og kynni myndast milli starfsmanna
- Opið rými hefur galla, ónæði af gegnumgangi á sumum svæðum og truflun af samræðum annarra (athugasemd: gott væri að samræmdar línur um samræður og simnotkun yrðu settar)

36 Dreifing vinnusvæða hefur áhrif á starfsandann Einkunn 3

- + auðveldara að ná upp góðum starfsanda í minni einingum en stærri
- + gott að greinakenningar blandist saman, þverfagleg tengls myndast
- kennarar /starfsfólk getur einangrast

37 Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni Einkunn 3

- Það kemur fyrir að kennarar geta ekki fundið sameiginlegan samráðsfund í töflu
 - möguleikar á fagráðsfundum í deildum eru takmarkaðir innan miðvikudags tímans
 - + möguleikinn til aukinna samskipta hefur opnast með dreifnám/stoð tímanum
 - + kennarar hafa möguleika á að hittast á kaffistofu
- (athugasemd: ekki ljóst hvort verið er að ræða um almenn samskipti eða fagleg samskipti)

38 Menntun starfsfólks hæfir starfssviði þess Einkunn 3

- + í flestu tilvikum hæfir menntun starfssviði
 - + menntun starfsfólks er almennt góð
 - á sumum starfssviðum er ekki krafist tiltekinnar menntunnar þar sem kröfur um það ættu að vera til staðar
- (athugasemd: er verið að ræða um alla starfsmenn eða bara kennar)

39 Starfsmannvelta skólans er hæfileg Einkunn 2

- er frekar lítil
- kerfið lokar á endurnýjun starfsfólks (starfsfólk ætti að geta endurnýjað sjálft sig á 10 ára fresti. Spurningu um að það væri innbyggt í kerfinu)
- getur verið erfitt að setja nýja starfsmenn inn í starfið þegar starfsmannavelta er mikil
- + reynsla /þekking starfsmanna nýtist betur þegar starfsmannavelta er lítil

35 - Stafssandi er góður á vinnusvæðum Einkunn 5

- Góður andi á þeim vinnusvæðum sem við þekkjum
- Fólk kynnist vel á vinnusvæðum
- Fólk virðir vinnufrið hvers annars
- Stundum ónæði frá gsm - sínum
- Innanhússími veldur ekki miklu ónæði

36 – Dreifing vinnusvæða hefur áhrif á starfsandann Einkunn 4

- Gott að hafa mörg lítil, en eitt stórt eins og nú er +
- Ókostur að starfsmenn kynnast ekki vel milli vinnusvæða –
- Sumir afskekktari en aðrir, s.s. lða og Hamar –
- Gott næði á litlum/dreifðum vinnusvæðum +
- Ákveðin hópamyndun verður til +-

37 – Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni Einkunn 5

- Já, í kaffi-og matartímum +
- Í töflugötum +
- Föstudagskaffi +
- Á kátum dögum +
- Suma starfsmenn hittir maður aldrei –

38 – Menntun starfsfólks hæfir starfssviði þess Einkunn 4

- Flestir kenna það fag sem þeir hafa lært +
- Almenn virðist vera ráðið í störf með tilliti til menntunar og reynslu +
- Skólinn reynir að finna störf sem hæfa reynslu og menntun +
- Kennsluskipting/val nemenda getur haft þau áhrif að fólk þurfi að kenna fag sem fellur utan sérsviðið -
- Sum fög búa við viðvarandi skort á sérmenntun (stæ, dan)

39 – Starfsmannavelta skólans er hæfileg Einkunn 6

- Lítið um það að fólk hætti við skólann eftir stuttan tíma +
- Starfsmönnum virðist líða vel á vinnustaðnum +
- Lág starfsmannavelta eins og hér er, er hæfileg +
- Góður friður hefur skapast í skólanum og því helst fólk í starfi +
- Allt gert til að halda í góða starfsmenn.

40. Starfsfólk sækir sér endurmenntun. Einkunn 2 - 3

1. Enginn launalegur hvati (eftir að úthlutunarreglum alúðar var breytt) til endurmenntunar. –
2. Sumir eru mjög duglegir að sækja námskeið. +
3. Sumir sækja sjaldan eða aldrei námskeið. -
4. Stjórnendur eru jákvæðir í garð endurmenntunar. +
5. Lítið svigrúm til að sinna umsjónarkennarahlutverkinu. -

41. Verkaskipting er skýr Einkunn 2

1. Tiltölulega auðvelt er að finna verkaskiptingu starfsfólks á vefsíðu skólans. +
2. Verkaskipting ekki nógu virk/sýnileg. -
3. Einstaka liðir verkaskiptingar eru óljósir t.d. í hverju felst handleiðsla nýrra kennara? -
4. Umsjón með mætingum er orðin enn óljósari en áður. -
5. Endurskoða ætti verkaskiptingu með umræðum eða hópavinnu. -

42. Upplýsingaflæði er gott.

Einkunn 2 - 3

1. Margt af því sem tilkynnt er / tekið er fyrir á kennarafundum mætti senda í tölvupósti. -
2. Heimasíða skólans birtir fréttir úr skólastarfinu. +
3. Það sem er á döfinni mætti vera meira áberandi. -
4. Tilkynningar frá stjórnendum berast reglulega með tölvupósti. +
5. Fundargerðir ætti að birta á vef skólans. -

43. Starfsfólki eru ljósar skyldur sínar.

Einkunn 2

1. Taka þarf á „köttum“. Sumir rekast ekki! -
2. Hafa skal í heiðri siðareglur kennara, sbr. umræður um nemendur á kaffistofu og víðar. -
3. Starfsskyldur kennara þurfa að vera skýrari og ítarlegri. -
4. Skyldur umsjónarkennara óljósar. -
5. Starfsskyldur eru birtar á heimasíðu skólans. +

44. Skipurit skólans er ljóst og öllum aðgengilegt.

Einkunn 2 - 3

1. Skipurit ekki til í myndrænu formi. -
2. Hvað á að vera í skipuriti? Ekki ljóst. -
3. Augljóst er á skipuriti á vefsíðu skólans hverjir gegna lykilhlutverkum. +

41 Verkaskipting er skýr

Einkunn 3

Mismunandi verk tilheyra mismunandi störfum innan skólans og eru öllum kunn. Kennslustjórar og fagstjórar fylgja fyrirfram gerðri verkáætlun sem allir fá afhenta. Verkáætlun fyrir kennslu- og fagstjóra tekur ekki til allra verka sem upp geta komið og ætluð eru þessum aðilum.

Verkaskipting á milli skólameistara og aðstoðarskólameistara er ekki alltaf augljós.

Verkaskipting á milli kennara sem kenna sama áfanga getur verið óljós.

42 Upplýsingaflæði er gott

Einkunn 4

Auðvelt er að senda upplýsingar til starfsmanna gegnum tölvupóst.

Flestir starfsmenn hafa góðan aðgang að rafrænum upplýsingum.

Starfsmenn fá upplýsingar um mál sem varðar þá.

Starfsmenn fá stundum upplýsingar um mál sem varða þá ekki.

Upplýsingar berast stundum í seinna lagi.

43 Starfsfólki eru ljósar skyldur sínar

Einkunn 4

Starfslýsingu kennara má finna á heimasíðu skólans.

Starfslýsing kennara er ekki nægilega ítarleg miðað við starfið.

Starfslýsingu umsjónarkennara má finna á heimasíðu skólans.

Starfslýsing umsjónarkennara er ekki nægilega ítarleg miðað við kröfur sem til þeirra eru gerðar.

44 Skipurit skólans er ljóst og öllum aðgengilegt

Einkunn 5

Skipurit skólans finnst á heimasíðu skólans og er öllum aðgengilegt.

Skipurit skólans er ekki í formi myndrænnar lýsingar.
 Skipurit greinir fá skyldum og verkefnum hvers og eins.
